

Lokaverkefni til B.Ed. –prófs

Leikskólar og leikskólastarfsemi í Fjarðabyggð

Jóhanna Smáradóttir



Kennaraháskóli Íslands
Kennarabraut, leikskólakennarafræði
Maí 2008

Lokaverkefni til B.Ed. –prófs

Leikskólar og leikskólastarfsemi í Fjarðabyggð

Jóhanna Smáradóttir

290985-2859

Kennaraháskóli Íslands
Kennarabraut, leikskólakennarafræði
Maí 2008

Leiðsögukenndari: Ragnar Ingi Aðalsteinsso

Ágrip

Í þessu lokaverkefni er fjallað um leikskóla og leikskólastarfsemi í Fjarðabyggð. Fjarðabyggð er nýsameinað fjölkjarna sveitarfélag á Austurlandi og rekur það alls fimm leikskóla. Hver leikskóli á sína sögu og mótaðist starfsemi þeirra áður en sveitarfélög voru sameinuð og Fjarðabyggð varð til. Í verkefninu er greint frá sögu leikskólanna, þeim markmiðum sem stefnt var að á sviði skólamála við sameininguna og þróun leikskólastarfsemi á Íslandi og í Fjarðabyggð almennt. Kannað er hvernig sveitarfélagið stendur að rekstri skólanna og sérstaklega er fjallað um hvaða þættir í starfsemi skólanna eru samræmdir og að hvaða leyti skólarnir marka sér stefnu og starfshætti með sjálfstæðum hætti. Skýrt kemur fram að ákveðnir afmarkaðir þættir eru samræmdir í starfsemi skólanna en hvað varðar innra starf hafa þeir mikið frelsi. Gerð er úttekt á innra starfi skólanna og er úttektin byggð á skólanámskrám og svörum leikskólastjóra við spurningalista sem sendur var út. Í úttektinni er þó ekki fjallað um hið daglega starf í skólunum og skipulag þess.

Formáli

Þegar undirrituð stóð frammi fyrir vali á lokaverkefni á leikskólabraut við Kennaraháskóla Íslands vaknaði áhugi fyrir því að fjalla um leikskólamál í sveitarfélaginu Fjarðabyggð sem er heimasveitarfélag höfundar. Við lok námsferils er áhugavert að fjalla um þær leikskólastofnanir sem starfa í heimabyggðinni og kanna sögu þeirra, rekstur og faglega stöðu.

Til að unnt væri að sinna þessu verkefni var þörf á að leita til margra eftir upplýsingum. Full ástæða er að þakka leikskólastjórunum í Fjarðabyggð, þeim Sóleyju Valdimarsdóttur, Ingibjörgu Eyþórsdóttur, Höllu Höskuldsdóttur, Lísu Björk Bragadóttur og Hrafnhildi Unu Guðjónsdóttur, fyrir að veita greið svör við öllum þeim spurningum sem farið var á leit að þær svöruðu. Þá ber að þakka starfsmönnum sveitarfélagsins Fjarðabyggðar fyrir margvíslegar upplýsingar sem þeir veittu. Þar er um að ræða Gunnlaug Sverrisson, Pál Björgvin Guðmundsson, Kristin Ívarsson og Gunnar Jónsson.

Að lokum vil ég þakka Smára Geirssyni fyrir að lesa yfir drög að verkefninu og benda á ýmislegt sem betur mátti fara og Ragnari Inga Aðalsteinssyni sem hafði umsjón með verkefninu að hálfu Kennaraháskóla Íslands og veitti ýmis góð ráð.

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Um sveitarfélagið Fjarðabyggð	7
1.1 Fræðslumál í aðdraganda sameiningar.....	9
2. Um þróun leikskóla á Íslandi og í Fjarðabyggð	10
3. Leikskólarnir og sveitarfélagið	17
3.1 Fjárfestingar vegna leikskóla.....	19
3.2 Rekstur leikskólanna.....	20
3.3 Fjöldi barna.....	25
4. Innra starf leikskólanna	29
4.1 Skólanámskrár.....	29
4.2 Umfjöllun um einstaka þætti skólanámskránna og leikskólastarf.....	32
5. Lokaorð	45
6. Heimildaskrá	48
7. Viðauki	52

Töflu- og myndayfirlit

Tafla 1. Upplýsingar um húsnæði og lóðastærð leikskólanna í Fjarðabyggð.....	20
Tafla 2. Heildarrekstrarkostnaður.....	20
Tafla 3. Heildarrekstarkostnaður án húsaleigu.....	21
Tafla 4. Hlutfall tekna af heildarrekstrarkostnaði.....	25
Tafla 5. Hlutfall tekna af heildarrekstrarkostnaði án húsaleigu.....	25
Tafla 6. Fjöldi barna á leikskólaaldri í Fjarðabyggð á árunum 2000-2007.....	26
Mynd 1. Samtals rekstrarkostnaður leikskóla í Fjarðabyggð.....	21
Mynd 2. Rekstrarkostnaður leikskólans Sólvalla.....	22
Mynd 3. Rekstrarkostnaður leikskólans Dalborgar.....	22
Mynd 4. Rekstrarkostnaður leikskólans Kærabæjar.....	23
Mynd 5. Rekstrarkostnaður leikskólans Lyngholts.....	23
Mynd 6. Rekstrarkostnaður leikskólans Balaborgar.....	24

Inngangur

Í þessu lokaverkefni er fjallað um leikskóla og leikskólustarf í sveitarfélaginu Fjarðabyggð. Fjarðabyggð er fjölkjarna sveitarfélag sem varð til árið 2006 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga. Tilgangur verkefnisins er að varpa ljósi á rekstur leikskólanna í sveitarfélaginu og eðli þeirrar þjónustu sem börnum á leikskólaaldri er boðið upp á. Þessi umfjöllun er tengd almennri þróun leikskóla á Íslandi og þeim markmiðum sem sett voru fram á sviði skólamála við sameiningu sveitarfélaganna.

Í upphafi verksins voru settar fram nokkrar spurningar sem leitast yrði við að svara. Hér verður gerð grein fyrir spurningunum:

1. Hvaða aðstæður voru það í sveitarfélögunum sem upphaflega kölluðu á þjónustu á sviði barnagæslu?
2. Hefur þjónusta leikskóla í Fjarðabyggð fylgt sömu þróun og átt hefur sér stað víðast hvar á landinu?
3. Hvernig hefur sveitarfélagið staðið að uppbyggingu leikskólanna og hver hefur þróunin verið varðandi rekstrarkostnað þeirra?
4. Hvaða þættir eru það í leikskólustarfinu sem eru samræmdir hjá öllum fimm leikskólunum sem starfa í Fjarðabyggð? Hvaða þættir eru það í leikskólustarfinu sem hver skóli getur mótað með sjálfstæðum hætti?
5. Hver er staðan varðandi gerð skólanámskrár hjá leikskólunum?
6. Hvaða uppeldisstefnu hafa leikskólarnir að leiðarljósi? Er um samræmda stefnu að ræða eða getur hver skóli ráðið þeirri stefnu sem hann fylgir?

Auk þessara spurninga er fjallað um marga mikilvæga þætti leikskólustarfs í verkefninu og er hver þáttur tengdur viðeigandi fræðilegri umfjöllun. Nefna má að fjallað er um þær stjórnunaraðferðir sem notast er við í leikskólunum, foreldrasamstarf, mat á leikskólustarfi, tengsl leikskóla og grunnskóla, fjölmenningu, menntun starfsfólks og starfsmannamál og að lokum leikinn og vettvangsferðir. Hins vegar er ekki fjallað um hið daglega starf í leikskólunum og skipulag þess af þeirri ástæðu að slík umfjöllun hefði gert verkefnið of viðamikl.

Í fyrsta kafla verkefnisins er fjallað um sveitarfélagið Fjarðabyggð og gerð grein fyrir einkennum þess og íbúafjölda. Þá er einnig í honum fjallað um að hverju var stefnt á sviði skólamála í aðdraganda sameiningar sveitarfélaganna sem mynduðu Fjarðabyggð. Í öðrum

kafla er gerð grein fyrir þróun leikskóla á Íslandi og í Fjarðabyggð. Í kaflanum er sérstaklega fjallað um hvern hinna fimm leikskóla í sveitarfélaginu, hvenær þeir hófu störf og hvernig þeir hafa þróast í gegnum árin. Í þriðja kafla er fjallað um það hvernig sveitarfélagið stendur að uppbyggingu og rekstri leikskólanna. Þar er einnig gerð grein fyrir þeim þáttum í starfsemi skólanna sem er samræmt. Kafla fjögur er viðamesti kafla verkefnisins og er þar innra starfi leikskólanna gerð skil. Á meðal þeirra þátta sem fjallað er um eru skólanámskrár, stefnur, stjórnunarhættir, foreldrasamstarf, mat á leikskólastarfinu, tengsl leikskóla- og grunnskólastigs, fjölmening, leikurinn og vettvangsferðir og menntun starfsfólks og starfsmannamál. Í fimmta kaflanum, sem jafnframt er lokakafla verkefnisins, eru lokaorð sett á blað og fjallað um helstu niðurstöður með tilliti til þeirra spurninga sem gerð var grein fyrir hér að framan.

1. Um sveitarfélagið Fjarðabyggð

Sveitarfélagið Fjarðabyggð varð til við sameiningu fjögurra sveitarfélaga árið 2006. Sveitarfélögin fjögur voru Fjarðabyggð (eldri), Austurbyggð, Fáskrúðsfjarðarhreppur og Mjóafjarðarhreppur. Bæði Fjarðabyggð (eldri) og Austurbyggð höfðu orðið til með sameiningu sveitarfélaga nokkrum árum áður. Fjarðabyggð (eldri) varð til árið 1998 við sameiningu Eskifjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps en Austurbyggð varð til árið 2003 við sameiningu Búðahrepps og Stöðvarhrepps. Þessi sameiningarþróun er dæmigerð fyrir þróun fjölda sveitarfélaga á Íslandi en sveitarfélögum hefur fækkað til mikilla muna hin síðari ár (Samband íslenskra sveitarfélaga. Sameining sveitarfélaga 1950-2006).

Hin nýja Fjarðabyggð er fjölkjarna sveitarfélag sem skiptist upp í byggðir við sex firði. Hver byggð á sína sögu og hefur sín einkenni en hinn 8. október árið 2005 samþykktu íbúar allra fjögurra sveitarfélaganna að sameina þau. Meginmarkmiðið með sameiningunni voru meðal annars eftirfarandi:

1. Að miðsvæði Austfjarða yrði heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði.
2. Að íbúar svæðisins mynduðu eina félagslega heild.
3. Að samgöngur innan svæðisins yrðu efldar.
4. Að mynda öflugt sveitarfélag sem hefði afl til að sækja fram á sviði atvinnumála og á sviði þjónustu við íbúana.
5. Að stuðla að því að stjórnarsýsla yrði faglegri.
6. Að treysta byggð á Austurlandi (Sameining sveitarfélaga á miðsvæði Austfjarða 2005: 20).

Í fjörðunum sex sem heyra undir Fjarðabyggð hina nýju hafði fólk lengst af treyst á hinar hefðbundnu íslensku frumvinnslugreinar hvað varðar lífsafkomu. Við firðina stóðu sjávarþorp og eins var stundaður landbúnaður í nokkrum mæli. Eins og víðast annars staðar á landinu hafði landbúnaður með tímanum dregist saman og sjávarútvegur tekið breytingum sem hafði í för með sér fækkun starfa. Til að mæta þessari þróun hafði verið reynt að fitja upp á ýmsum nýjungum á sviði atvinnulífs en hinn 15. mars árið 2003 voru samningar undirritaðir sem gjörbreyttu lífi fólks á svæðinu. Samningarnir fjölluðu um gerð Kárahnjúkavirkjunar og byggingu álvers við Reyðarfjörð en við álverið myndu starfa um 400 manns auk þess sem áætlað var að tilkoma þess myndi skapa um 400 afleidd störf. Þarna var um að ræða mestu

framkvæmd Íslandssögunnar sem óhjákvæmilega myndi hafa mikil áhrif á allt samfélagið á miðsvæði Austurlands (Erna Indriðadóttir, viðtal 17.03.08).

Á árunum 2003-2008 var unnið að byggingu Kárahnjúkavirkjunar og álversins með tilheyrandi samfélagsröskun. Að þeim framkvæmdum loknum mun samfélagið aftur leita jafnvægis en þá mun birtast samfélag sem að ýmsu leyti hefur önnur einkenni en það samfélag sem fyrir var.

Íbúar Fjarðabyggðar hinn 1. desember árið 2007 voru samtals 5111 en ef íbúar í starfsmannaþorpinu Haga sem störfuðu tímabundið við uppbyggingu álversins eru undanskildir voru íbúarnir 4633 talsins. Skiptust íbúarnir niður á einstakar byggðir sveitarfélagsins sem hér segir:

Stöðvarfjörður - 230 íbúar
Fáskrúðsfjörður – 674 íbúar
Reyðarfjörður – 1051 íbúar
Hagi (starfsmannaþorp) – 478 íbúar
Eskifjörður – 1095 íbúar
Norðfjörður – 1432 íbúar
Mjóifjörður – 34 íbúar
Sveitir – 151 íbúi

(Íbúaskrá Fjarðabyggðar 2007)

Íbúum Fjarðabyggðar hefur fjölgað umtalsvert á síðastliðnum árum fyrst og fremst vegna álversframkvæmda. Í árslok 2007 gætti áhrifa framkvæmdanna ennþá samanber starfsmannaþorpið Haga á Reyðarfirði. Íbúar Haga munu hverfa á braut úr sveitarfélaginu að álversframkvæmdum loknum. Fjölgunin í sveitarfélaginu hefur verið misjöfn eftir byggðakjörnum. Mest hefur fjölgunin orðið á Reyðarfirði en fjölgun hefur einnig átt sér stað á Eskifirði, í Neskaupstað og á Fáskrúðsfirði. Hins vegar hefur fækkun átt sér stað á Stöðvarfirði en í Mjóafirði má segja að íbúafjöldi hafi nokkurn veginn staðið í stað (Íbúaskrá Fjarðabyggðar 2003-2007).

1.1 Fræðslumál í aðdraganda sameiningar

Í aðdraganda sameiningarkosninganna hinn 8. október 2005 var fjallað um einstaka málaflokka og þar voru fræðslumálum gerð sérstök skil. Um fræðslumálin almennt mátti lesa eftirfarandi í bæklingi sem dreift var fyrir kosningarnar:

Fræðslumál skipta miklu máli í sérhverju sveitarfélagi enda tekur málaflokkurinn til sín hátt hlutfall rekstrarútgjalda. Það á að vera hverju sveitarfélagi metnaðarmál að bjóða upp á góða skóla en jafnframt er mikilvægt að hagkvæmni sé gætt við rekstur þeirra. Góð umgjörð skólahaldsins er nauðsynleg en framsækin skólastefna og hæft og vel menntað starfsfólk er forsenda þess að skólarnir uppfylli þær kröfur sem nútímasamfélag gerir til þeirra (Sameining sveitarfélaga á miðsvæði Austfjarða 2005:4).

Við sameiningu sveitarfélagana gerðu menn sér vonir um að forsendur gætu skapast til hagræðingar og framþróunar á sviði skóla- og fræðslumála. Gert var ráð fyrir því að þeir grunn- og leikskólar sem fyrir voru störfuðu áfram en leitað yrði leiða til að efla skipulagsleg tengsl þeirra og auka hagkvæmni skólahalds með hagsmuni nemenda, kennara og foreldra í huga. Þá var einnig lögð áhersla á að skólarnir fengju svigrúm til að þróa starfsemi sína í samræmi við aðstæður og hefðir í hverju skólahverfi hins nýja sveitarfélags. Fyrir utan þetta var áformað að í nýju sveitarfélagi yrði komið á fót þjónustu sem sinnti skólum í sveitarfélaginu öllu. Í því sambandi var sérstaklega nefnd þjónusta námsráðgjafa og leikskólafulltrúa. Eins var tekið fram að unnið yrði að samræmingu þjónustugjalda og samræmingu á þeirri þjónustu sem skólastofnanir hins nýja sveitarfélags myndu veita (Sameining sveitarfélaga á miðsvæði Austfjarða 2005:4).

2. Um þróun leikskóla á Íslandi og í Fjarðabyggð

Á Íslandi urðu miklar þjóðfélagsbreytingar á 20. öldinni. Fólksfjölgun í landinu var veruleg og byggðin þéttist. Snemma á öldinni urðu til stofnanir sem voru forverar leikskólanna en hlutverk þeirra var að annast gæslu barna á meðan foreldrar sinntu vinnu sinni. Þessir forverar leikskólanna tóku breytingum í tímans rás og að því kom að leikskólar litu dagsins ljós. Rökin fyrir tilkomu barnaheimila og síðar leikskóla voru fyrst og fremst ferns konar:

1. Mikil umræða var um að börnum væri ekki nægjanlega vel sinnt af foreldrum sínum og þess vegna þyrfti hið opinbera að skapa börnunum betri uppeldisaðstæður.
2. Álitid var að þéttbýli hentaði börnum að ýmsu leyti verr en aðstæður í dreifbýli og því væri nauðsynlegt að koma á fót sérstökum stofnunum fyrir börn í bæjunum.
3. Atvinna foreldra, einkum mæðra, gerði kröfu um að þeir fengju utanaðkomandi aðstoð við uppeldi barna sinna. Í þessu sambandi ber að nefna að á síðari hluta 20. aldar jókst atvinnuþátttaka kvenna og í lok aldarinnar tóku konur nánast jafnmikinn þátt í atvinnulífínu og karlar.
4. Rök voru færð fyrir því að uppbygging barnaheimila og síðar leikskólastigsins væri nauðsynleg fyrir þroska, fræðslu og félagslegt uppeldi barnanna. Eftir því sem leið á 20. öldina varð umræðan um þennan þátt sífellt meira áberandi (Jón Torfi Jónasson 2006:16-19).

Fyrstu hugmyndir um stofnanir til að sinna barnagæslu hér á landi komu fram í Reykjavík. Töluvert er vitað um sögu stofnana af þessu tagi í Reykjavík og má rekja umfjöllun um nauðsyn þeirra allt aftur til ársins 1890. Þá var rætt um ýmiss konar stofnanir eins og til dæmis sólarhringsstofnanir, dagvistarstofnanir, leikvelli og barnaheimili og reyndar einnig um varanlega vist fyrir eldri börn eða þá að tryggja að þau kæmust í sveit á sumrin. Það voru einkum konur í Reykjavík sem stóðu fyrir þessari umræðu og gengust þær meðal annars fyrir stofnun barnahælis þegar á árinu 1906. Áfram hélt þróunin í höfuðborginni og var barnagæslu sinnt með ýmsu móti og fram til 1940 var allgróskumikil starfsemi barnaheimila yfir sumartímamann og rak félagið Sumargjöf mörg þeirra. Reykjavíkurborg tók í fyrsta sinn þátt í rekstri barnaheimilis árið 1928 en annars voru heimilin rekin af ýmsum félögum.

Að lokinni heimsstyrjöldinni síðari var stöðug og mikil uppbygging barnaheimila í Reykjavík og voru þau flest rekin af Sumargjöf allt til ársins 1978. Eftir það hefur hlutur Reykjavíkurborgar í slíkri starfsemi farið vaxandi (Jón Torfi Jónasson 2006: 30-31).

Svo virðist vera að stofnanir sem tengjast barnagæslu úti á landi hafi komið til síðar en í höfuðborginni. Í fyrstu störfuðu barnaheimili víðast hvar einungis yfir sumartímann en samfellt heilsárs leikskólastarf hófst síðar. Til dæmis hófst ekki samfellt heilsárs leikskólastarf á Akureyri fyrr en seint á árinu 1959 (Menntamálaráðuneytið 1982).

Lagaumhverfi stofnana sem fást við barnagæslu hefur tekið verulegum breytingum. Árið 1973 voru sett lög um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila. Þessi lög fjölluðu fyrst og fremst um fjármál en fyrsta grein þeirra er þó um markmið stofnananna og má því segja að þetta séu fyrstu almennu lög um starfrækslu dagvistunarheimila og undanfari laga um leikskóla (Lög um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila, nr. 29/1973). Þessi lög voru tekin til endurskoðunar árið 1976 og þá fluttist öll ábyrgð af rekstri stofnananna til sveitarfélaganna en ríkið hélt áfram að greiða helming stofnkostnaðar á móti sveitarfélögum (Lög um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, nr. 112/1976). Þessu var enn og aftur breytt með lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga árið 1989 en með þeim er allur kostnaður við uppbyggingu og rekstur leikskóla færður til sveitarfélaganna (Lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87/1989).

Árið 1985 var gefin út uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili í samræmi við fyrirmæli sem fram komu í lögum um kostnaðarskiptingu. Með útgáfu uppeldisáætlunarinnar kom skýrt fram að stjórnvöld bæru ábyrgð á uppeldishlutverki dagvistarstofnana. Í áætluninni kom fram fagleg skilgreining á hlutverki stofnana af þessu tagi (Menntamálaráðuneytið 1985). Tíu árum síðar litu fyrstu lög um leikskóla dagsins ljós. Með þeim lögum tók leikskólaheitið á umræddum stofnunum völdin og með setningu þeirra var fyrsta skrefið stigið í þá átt að færa leikskólastigið inn í íslenska skólakerfið. Í lögum er skýrt kveðið á um markmið leikskóla þannig að markmiðið hvíldi í fyrsta sinn á lagagrunni. Í lögum er einnig sérstaklega fjallað um leikinn og þannig áréttað hve mikilvæg staða hans er í uppeldisstarfi. Eins leggja lög þá skyldu á herðar sveitarfélögum að stofna leikskóla. Þessi lög marka í reyndinni þau þáttaskil að í þeim er fjallað um leikskólann sem uppeldisstofnun miklu fremur en gæslustofnun (Lög um leikskóla, nr. 48/1991).

Ný lög um leikskóla tóku gildi árið 1994. Í þeim er leikskólinn formlega skilgreindur sem fyrsta skólastigið og þannig tekinn inn í hið íslenska skólakerfi. Lög kváðu einnig á um

að heitið leikskólakennari skyldi tekið upp um fagfólk í leikskólanum en áður hafði það borið starfsheitið fóstura (Lög um leikskóla, nr. 78/1994).

Á grundvelli leikskólalaganna frá 1994 var Aðalnámskrá leikskóla gefin út árið 1999. Í markmiðsgrein Aðalnámskrárinnar kemur skýrt fram hve mikil áhersla er lögð á að leikskólinn stuðli að almennum þroska barnanna. Í greininni má meðal annars lesa eftirfarandi:

Í leikskóla skal rækta alhliða þroska barns sem felst m.a. í líkams- og hreyfiþroska, tilfinningaþroska, vitsmunarþroska, félagsvitund, fagurþroska og sköpunarhæfni, siðgæðisþroska og siðgæðisvitund... (Aðalnámskrá leikskóla 1999:8)

Í Aðalnámskránni er fjallað um leikinn í sérstökum kafla og er þar lögð áhersla á mikilvægi hins sjálfsprottna leiks. Um þetta segir svo í námskránni:

Á bernskuárunum er leikur lífstjáning barns, ríkjandi athöfn og mikilvægasta náms- og þroskaleið þess. Leikur er hornsteinn leikskólastarfsins og lífstjáning og gleðigjafi barns. Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barns. Í leik lærir barn margt sem enginn getur kennt því. Í leik felst því mikið sjálfsnám, honum fylgir bæði gaman og alvara. Reynsla barnsins endurspeglast í leiknum. Til þess að leikurinn geti þróast og eflst þarf barn upplifun, hugmyndaflug og efnivið. Sjálfsprottinn leikur greinist frá öðru atferli í því að hann er skapandi og barnið stjórnar honum sjálf (Aðalnámskrá leikskóla 1999:11).

Ekkert virðist fara á milli mála að samkvæmt Aðalnámskránni skipi leikurinn hæstan sess í leikskólastarfinu. Hins vegar er óljóst hvaða skilyrði leikur þurfi að uppfylla til að teljast sjálfsprottinn. Eins er fremur óskýrt hvaða efnivið þurfi að búa barninu og hvaða upplifunar það þurfi að njóta svo markmiðum leiksins sé náð.

Hér á eftir verður stuttlega gerð grein fyrir sögulegri þróun barnaheimila og leikskóla í þeim byggðarkjörnum sem nú eru hluti af sveitarfélaginu Fjarðabyggð. Kappkostað verður að fjalla um upphaf starfsemi af þessu tagi í hverjum byggðarkjarna fyrir sig og þróun starfseminnar framan af.

Neskaupstaður (Leikskólinn Sólvellir)

Fyrsta dagvistunarstofnunin í Neskaupstað nefndist Austurborg og tók til starfa í húsnæði barnaskólans vorið 1950 en það var bæjarfélagið sem stóð fyrir rekstrinum. Barnaheimili var síðan rekið í barnaskólanum í þrjá mánuði yfir sumartímamann allt til ársins 1970. Árið 1970 var tekið í notkun nýtt húsnæði fyrir starfsemina og þótti það rúmgott og glæsilegt á þeim tíma. Í fyrstu var einungis rekið barnaheimili yfir sumartímamann í nýja húsinu en veturinn 1972-1973 rak Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað eina deild þar fyrir börn starfsmanna sjúkrahússins (Aðalskipulag Neskaupstaðar 1979-1999:63 og Austurland 14. september 1951).

Tilgangur bæjaryfirvalda í Neskaupstað með því að hefja dagheimilisrekstur um miðbik 20. aldar var í fyrsta lagi sá að skapa börnum góð skilyrði til að leika sér á heilbrigðan hátt við örugga gæslu, í öðru lagi að létta áhyggjum af mæðrum sem sinntu uppeldisstörfum og í þriðja lagi að skapa konum betri aðstöðu til að leggja stund á atvinnu utan heimilis (Austurland 14. september 1951).

Árið 1973 hófst dagheimilisrekstur yfir allt árið á vegum Neskaupstaðar. Fyrst voru dagheimiliseildirnar tvær en smám saman fjölgaði deildunum eftir því sem eftirspurn eftir dagheimilishúsum jókst. Í fyrstu var starfsemi dagheimilisins einungis í hluta hins nýja dagheimilishúss en um áramótin 1977-1978 var síðasti hluti hússins tekinn í notkun fyrir starfsemina og voru þá starfræktar tvær dagheimiliseildir og fimm leikskóladeildir á vegum bæjarfélagsins. Alls var á þeim tíma álitid að heimilið rúmaði 112 börn en fjöldi þeirra barna sem þá nutu þjónustu var um eitt hundrað (Aðalskipulag Neskaupstaðar 1979-1999:63, Austurland 16 maí 1969 og 25. janúar 1974).

Árið 1995 hóf leikskólinn að taka inn eins árs börn en áður hafði verið miðað við að börnin væru tveggja ára þegar að þau kæmu inn á skólann. Álitid var að unnt væri að veita þessa auknu þjónustu án þess að gera viðamiklar breytingar á húsnæði. Með tímanum jókst hins vegar eftirspurn eftir leikskólalássum og var tekin ákvörðun um að setja á stofn nýja deild í skólahúsinu á Kirkjumel í Norðfjarðarsveit haustið 2003. Vegna fjölgunar barna dugði þessi ráðstöfun skammt og var ákveðið að byggja húsnæði fyrir eina deild (lausa kennslustofu) á lóðinni við leikskólann. Með tilkomu þessara breytinga voru 5 deildir á leikskólanum (Halla Höskuldsdóttir, viðtal 29.02.08).

Leikskólalóðið í Neskaupstað þótti ekki nútímalegt þegar fram liðu stundir og eins þótti leikskólalóðin óheppileg fyrir ýmissa hluta sakir. Fyrir utan þetta þótti ekki hagkvæmt að reka leikskóla á tveimur stöðum. Því var tekin ákvörðun um það seint á árinu 2007 að reisa nýjan leikskóla í Neskaupstað og yrði þar um 6 deilda skóla að ræða (Halla Höskuldsdóttir, viðtal 29.02.08).

Reyðarfjörður (Leikskólinn Lyngholt)

Árið 1963 hóf Reyðarfjarðarhreppur að reka barnaheimili yfir sumartímann í húsi grunnskólans. Allmikil eftirspurn var eftir barnaheimilisplássum á næstu árum enda hin svokölluðu síldarar í algleymingi. Barnaheimilið var rekið flest ár í grunnskólanum yfir sumartímann allt til ársins 1977 (Guðmundur Magnússon 2003:309).

Árið 1977 flutti barnaheimilisstarfsemin í húsið Hermes og var þá farið að veita þjónustuna allt árið um kring. Ekki þótti Hermes heppilegt húsnaði fyrir starfsemina og var tekin ákvörðun um að reisa nýtt leikskólahúsnaði við Heiðarveg. Nýja leikskólahúsið var tekið í notkun árið 1984 (Guðmundur Magnússon 2003:309). Árið 2006 var tekin í notkun viðbygging við leikskólahúsið við Heiðarveg enda var þá áhrifa af álversumsvifum á Reyðarfirði farið að gæta í ríkum mæli. Með tilkomu viðbyggingarinnar varð leikskólinn fjögurra deilda og samhliða henni var útbúin stór lóð umhverfis leikskólann (Lísa Björk Bragadóttir, svör við spurningalista).

Eskifjörður (Leikskólinn Dalborg)

Vorið 1964 var fyrst farið að sinna barnagæslu yfir sumartímann á vegum sveitarfélagsins. Aðstaðan fyrir starfsemina var við Fossgötu og fólst hún í útileiksvæði og litlum skúr sem stóð á lóðinni. Sumargæslu barnanna var sinnt með þessum hætti til ársins 1968 en þá var starfsemin flutt inn í húsið Melbæ þar sem hún hafði eitt herbergi til umráða. Húsið Melbær hafði einmitt verið reist á lóðinni sem barnagæslan hafði verið stunduð á og var því ætlað að hýsa dagheimilisstarfsemina (Sóley Valdimarsdóttir, svör við spurningalista).

Árið 1968 var fyrst boðið upp á heilsársvistun barna á Eskifirði í Melbæ. Í fyrstu var einungis boðið upp á vistun eftir hádegi eða á milli klukkan 13:00 og 19:00 en með tíð og tíma jókst eftirspurn eftir þjónustu og var orðið við þeim kröfum (Sóley Valdimarsdóttir, svör við spurningalista).

Að því kom að aðstaða leikskólans við Fossgötu þótti ófullnægjandi auk þess sem staðsetning hans þótti óhentug með tilliti til þungamiðju íbúðabyggðarinnar. Af þessari ástæðu gerði aðalskipulag fyrir Eskifjörð, sem lokið var við að vinna árið 1989, ráð fyrir að framtíðarlóð fyrir dagvistir barna yrði við Dalbraut innan við íþróttasvæði bæjarins (Eskifjörður. Greinargerð með aðalskipulagi 1988-2008:42). Nýr leikskóli reis við Dalbraut og var hann tekinn í notkun sumarið 1999. Nýi skólinn hlaut nafnið Dalborg (Sóley Valdimarsdóttir, svör við spurningalista).

Fáskrúðsfjörður (Leikskólinn Kæríbær)

Upphaf barnagæslu á vegum sveitarfélagsins í Búðahreppi á Fáskrúðsfirði má rekja aftur til árána 1963-1965. Á þeim árum var síldarvinna mikil yfir sumartímann og var tilgangur barnagæslunnar fyrst og fremst sá að tryggja að mæður ungra barna kæmst í síldarvinnu. Gæslan fór fram á þáverandi leikvelli og höfðu starfsmenn og börnin lítið rými til að borða nesti og eins var unnt að leita með börnin inn í sal barnaskólahússins þegar veður var vont (Hrafnhildur Una Guðjónsdóttir, svör við spurningalista).

Sumarið 1978 tók til starfa leikskóli á Fáskrúðsfirði sem veitti þjónustu allt árið um kring. Fékk skólinn inni á neðri hæð gamla barnaskólahússins við Skólaveg. Árið 1986 fékk leikskólinn allt gamla barnaskólahúsið til umráða og var starfsemi sinn þar til ársins 2007 en þá flutti skólinn í nýtt húsnæði við Hlíðargötu. Nýja húsnæðið er hluti af skólamiðstöð og er það tengt grunnskólanum á staðnum (Hrafnhildur Una Guðjónsdóttir, svör við spurningalista og Leikskólinn Kæríbær. Námskrá 2007:2).

Stöðvarfjörður (Leikskólinn Balaborg)

Stöðvarhreppur hóf að sinna barnagæslu með skipulögðum hætti veturinn 1974. Þá stóð loðnuvertíð yfir og til þess að unnt væri að fá mæður í vinnu var ákveðið að koma á gæslu fyrir börn á leikskólaaldri frá klukkan 08:00 – 17:00. Þessari starfsemi var sinnt í kjallara kaupfélagshússins í um 2-3 mánuði og voru þar tveir starfsmenn með 16 börn í einu herbergi auk gangs sem einnig var nýttur (Ingibjörg Eyþórsdóttir, svör við spurningalista).

Aftur var efnt til barnagæslu sumarið 1979. Þá nutu 14 börn þjónustunnar en starfsmennirnir voru tveir. Húsnæði grunnskólans var nýtt í þessu sambandi og höfðu börnin gott rými jafnt innan sem utan dyra (Ingibjörg Eyþórsdóttir, svör við spurningalista).

Árið 1981 var íbúðarhúsnæðinu Bakkagerði breytt þannig að það hentaði fyrir starfsemi leikskóla. Að breytingunum loknum hófst leikskólastarf í húsinu og hefur heilsársskóli síðan verið rekinn á Stöðvarfirði ef undan eru skyldir þrjú mánuðir sumarið 1982.

Árið 1988 flutti starfsemin í leikskólann Balaborg en það hús var byggt sérstaklega fyrir leikskólastarfsemina. Með tilkomu Balaborgar var farið að bjóða upp á leikskólaþjónustu allan daginn og hefur svo verið lengst af síðan (Ingibjörg Eyþórsdóttir, svör við spurningalista).

Mjóifjörður

Leikskóli hefur ekki starfað í Mjóafirði en dagvistun barna hófst þar hinn 1. febrúar árið 2005. Þá var mikil þörf fyrir slíka þjónustu á staðnum enda meira umleikis á sviði atvinnumála en oft áður vegna laxeldisstarfsemi. Dagvistunin starfaði til 31. mars árið 2006 og nutu 6 börn þjónustunnar. Dagvistunarstarfsemi var endurvakin hinn 1. september 2006 og starfaði skólinn þá til 15. júní árið 2007. Jafnmörg börn og árið áður dvöldu á skólanum. Einn starfsmaður starfaði á dagvistuninni en skólahúsnæði á Sólbrekku var nýtt í þessu sambandi (Jóhanna Lárusdóttir, viðtal 01.03.08).

Að afloknum þessum tíma fékkst ekki starfsmaður að dagvistuninni í Mjóafirði og greip þá sveitarfélagið til þess ráðs að greiða foreldrum fyrir að gæta barna sinna heima. Heimgreiðslur hafa verið inntar af hendi vegna fjögurra barna (Gunnlaugur Sverrisson, viðtal 03.03.08).

3. Leikskólarnir og sveitarfélagið

Eins og fyrr greinir hefur sveitarfélagið Fjarðabyggð annast uppbyggingu og rekstur fimm leikskóla. Leikskólarnir eru Balaborg á Stöðvarfirði, Kæribær á Fáskrúðsfirði, Lyngholt á Reyðarfirði, Dalborg á Eskifirði og Sólvellir í Neskaupstað. Ákveðnir þættir í starfsemi skólanna eru samræmdir en hið innra starf skólanna er ekki samræmt og mótar hver skóli innri starfsemi með sjálfstæðum hætti.

Eftirtaldir þættir hvað varðar starfsemi leikskólanna í Fjarðabyggð eru samræmdir:

1. Inntaka barna í skólana við eins árs aldur. Í öllum leikskólunum er miðað við að veita börnum frá eins árs aldri þjónustu. Í Fjarðabyggð eldri voru 1. árs börn tekin inn á leikskóla allt frá því að sveitarfélagið varð til árið 1998.
2. Samræmd þjónustugjöld og fæðisgjöld. Sveitarfélagið hefur stefnt að því að hafa leikskólagjöld lág og á undanförunum árum hafa þau verið á meðal þeirra lægstu á landinu.
3. Reglur um styrki til náms. Sveitarfélagið veitir 120.000.- kr. námsstyrk á ársgrundvelli til þeirra er leggja stund á kennaranám, leikskólakennaranám, íþróttakennaranám og tónlistarkennaranám. Á þetta við bæði þegar um staðnám eða fjarnám er að ræða. Skilyrði fyrir námsstyrk í staðbundnu námi er að viðkomandi þarf að skuldbinda sig til að vinna hjá Fjarðabyggð í eitt ár fyrir hvert námsár sem viðkomandi fær styrk. Nemendur í fjarnámi og sem starfa hjá Fjarðabyggð skuldbinda sig til að vinna í hálf t. ár hjá Fjarðabyggð fyrir hvert námsár sem viðkomandi fær styrk. Starfsmaður í fjarnámi heldur launum í fjarveru vegna náms í allt að sex vikur á skólaári. Fáir styrkþegi ekki starf í þeim skóla er hann kys helst að starfa í stendur honum til boða starf í öðrum skólum sveitarfélagsins þar sem þörf er á réttindakennurum. Vilji viðkomandi ekki starfa við aðra skóla sveitarfélagsins skal hann endurgreiða styrkinn. Komi námsmaður ekki til starfa hjá Fjarðabyggð að loknu námi eða ljúki hann ekki námi skal hann endurgreiða veittan styrk með vöxtum og verðbótum. Fræðslunefnd sveitarfélagsins tekur afstöðu til hvernar styrkumsóknar fyrir sig og áskilur sér rétt til að hafna umsóknum. Nefndin tekur einnig afstöðu til

styrkumsókna vegna annarskonar náms á sviði kennslu og skólastarfs, til dæmis diplómanáms, námsráðgjafanáms, náms til kennsluréttinda og fleira.

4. Sumarlokun. Öllum leikskólunum hefur verið lokað um fimm vikna skeið yfir sumartímamenn en þó hefur hverjum leikskóla verið í sjálfsvald sett hvenær sú lokun á sér stað. Nýlega ákvað bæjarstjórn Fjarðabyggðar að frá og með árinu 2009 verði skólunum einungis lokað í 2 vikur en þó sé tryggt að hvert barn fái 4 vikna sumarleyfi að lágmarki.
5. Sveigjanlegur vistunartími. Í öllum leikskólunum í Fjarðabyggð er boðið upp á sveigjanlegan vistunartíma.
6. Fjórar gjaldfrjálsar stundir elstu barna leikskólanna. Fyrir börn á síðasta ári í leikskóla sem nýta átta tíma vistun á dag er einungis greitt fyrir fjögurra tíma vistun. Fjarðabyggð eldri hóf að bjóða upp á þetta þann 1. janúar árið 2005.
7. Samræmdar reglur um niðurgreiðslu kostnaðar vegna vistunar hjá dagforeldrum. Það er stefna sveitarfélagsins að í öllum byggðakjörnum þess eigi börn kost á leikskólaplássi. Gengið hefur vel að framkvæma þessa stefnu allsstaðar nema helst í Neskaupstað. Í Neskaupstað hafa því starfað dagforeldrar. Vegna umræddrar stefnu sveitarfélagsins í leikskólamállum hefur það verið tryggt að kostnaður foreldra sem nýta sér þjónustu dagforeldra verði aldrei hærri en sem nemur leikskólagjöldum á hverjum tíma. Sveitarfélagið hefur því greitt mismuninn á gjöldum til dagforeldra og leikskólagjöld.
8. Þjónusta frá Skólaskrifstofu Austurlands. Leikskólarnir hafa aðgang að starfsfólki Skólaskrifstofu Austurlands en Skólaskrifstofan er rekin af sveitarfélögum. Skólaskrifstofan veitir þjónustu á sviði greininga, fræðslu og ráðgjafar og eins hafa leikskólarnir aðgang að bókasafni skrifstofunnar. Hjá Skólaskrifstofunni starfa meðal annars sálfræðingar, kennsluráðgjafar, atferlisfræðingur og talmeinafræðingur. Helstu verkefni Skólaskrifstofu Austurlands eru meðal annarra eftirfarandi samkvæmt stofnsamningi:
 - Almenn og greinabundin kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónusta
 - Endur- og símenntun kennara, nýbreytni og þróunarstörf
 - Launaútreikningar
 - Ráðgjöf í deilumálum
 - Ráðgjöf vegna eftirlits með framkvæmd grunnskólalaga

→ Rekstur kennslugagnasafns, ráðgjöf um uppbyggingu og starfrækslu skólasafna (Gunnlaugur Sverrisson, viðtal 03.03.08 og Stofnsamningur Skólaskrifstofu Austurlands 1996).

3.1 Fjárfestingar vegna leikskóla

Í aðdraganda þess að sveitarfélögin sem mynda Fjarðabyggð voru sameinuð var rætt um mikilvægi skólastarfs og hve brynt væri að skapa skólunum góða umgjörð. Góð umgjörð var álitin forsenda framsækkinnar skólastefnu og þess að skólarnir uppfylli þær kröfur sem nútímasamfélag gerir til þeirra. Umgjörð skólanna felst fyrst og fremst í byggingum og leiksvæðum. Þegar fjárfestingar Fjarðabyggðar í leikskólum eru kannaðar kemur fram að veruleg áhersla hefur verið lögð á að skapa skólunum þessa umgjörð. Þegar farið er yfir fjárfestingar sveitarfélagsins í leikskólum á árunum 1999 til ársins 2007 kemur í ljós að þær nema um 460 milljónum króna og er það um 25% af heildarfjárfestingu sveitarfélagsins í fasteignum á umræddu tímabili. Helstu þættir þessara fjárfestinga eru bygging leikskólans Dalborgar á Eskifirði upp á ríflega 123 milljónir króna, viðbygging við leikskólann Lyngholt á Reyðarfirði upp á ríflega 101 milljón króna, leikskólahluti skólamiðstöðvar á Fáskrúðsfirði upp á um 220 milljónir króna og lagfæringar og umbætur vegna leikskólans Sólvalla í Neskaupstað upp á tæplega 16 milljónir króna (Ársreikningar Austurbyggðar 1999-2006 og Fjarðabyggðar 1999-2007). Enn stefnir sveitarfélagið að umfangsmiklum framkvæmdum á sviði leikskólamála því ráðgert er að reisa sex deilda leikskóla í Neskaupstað sem á að verða tilbúinn til notkunar árið 2009. Áætlað er að ný leikskólinn kosti rúmlega 357 milljónir króna. Um þessar mundir standa yfir viðræður við fasteignafyrirtæki um að reisa skólann og sveitarfélagið myndi síðan leigja hann af fyrirtækinu (Þriggja ára áætlun Fjarðabyggðar 2009-2011 og Páll Björgvin Guðmundsson, viðtal 24.03.08).

Í töflu 1 má sjá upplýsingar um núverandi húsnæði og lóðir leikskólanna í Fjarðabyggð. Taflan þarfnast nokkurra útskýringa. Í fyrsta lagi ber að hafa í huga að á Sólvöllum í Neskaupstað er notuð laus kennslustofa sem ekki er tekið tillit til í töflunni og að auki hefur skólinn til umráða bráðabirgðahúsnæði fyrir eina deild í skólalúsnæðinu á Kirkjumel í Norðfjarðarsveit sem heldur kemur ekki fram í töflunni. Í öðru lagi var Lyngholt á Reyðarfirði stækkað árið 2005 úr 277 m² í 691 m². Í þriðja lagi ber að nefna að Kæríbær á Fáskrúðsfirði flutti úr gömlu leikskólalúsnæði í nýtt húsnæði í svonefndri skólamiðstöð árið 2007 þar sem leikskólinn deilir húsi með grunnskólanum. Í því sambandi ber að nefna að lóð leikskólans er sameiginleg með lóð grunnskólans.

Tafla 1

Upplýsingar um húsnæði og lóðastærð leikskólanna í Fjarðabyggð

	Byggingarár	Hús í m ²	Lóð í m ²
Sólvellir	1960	471	5253
Dalborg	1999	468	5330
Lyngholt	1983	691	5856
Kæribær	2006	566,9	14000
Balaborg	1987	117	900

(Umhverfissvið Fjarðabyggðar 2008)

3.2 Rekstur leikskólanna

Þegar kostnaður við rekstur leikskólanna í Fjarðabyggð á árunum 2003 til 2007 er kannaður kemur í ljós að hann hefur farið hækkandi. Í töflu 2 sést hver heildarrekstrarkostnaðurinn við leikskólana er frá ári til árs auk þess sem sjá má rekstrarkostnað hvers skóla. Í bókhaldsreglum sveitarfélaga er reiknuð húsaleiga hvefrrar stofnunar sem hluti af rekstrarkostnaði. Í töflu 3 má sjá heildarrekstrarkostnaðinn án reiknaðrar húsaleigu en þá er um að ræða rekstrarkostnað vegna starfseminnar á leikskólunum. Glögglega má sjá á töflunum að kostnaður sveitarfélagsins vegna rekstrar leikskóla hefur farið hækkandi hvert einasta ár. Árið 2003 var heildarkostnaðurinn við rekstur skólanna liðlega 123.127 þúsundir króna en árið 2007 var heildarkostnaðurinn 255.610 þúsund að meðtalinni reiknaðri húsaleigu. Án húsaleigunnar er þróunin svipuð. Rekstrarkostnaður án húsaleigu árið 2003 var 102.755 þúsund og árið 2007 198.165 þúsund.

Á mynd 1 sést þróun rekstrarkostnaðar leikskóla í Fjarðabyggð á árunum 2003 til 2007 bæði með og án húsaleigu. Samskonar upplýsingar birtast á myndum 2 til 6 um rekstrarkostnað hvers leikskóla.

Tafla 2

Heildarrekstrarkostnaður


	2003	2004	2005	2006	2007
Sólvellir	39.975	50.469	76.758	82.337	83.300
Dalborg	35.392	39.648	44.979	48.097	55.393
Lyngholt	23.098	27.517	39.515	64.942	68.878
Kæribær	16.103	17.120	21.530	25.577	33.414
Balaborg	8.559	10.134	11.593	13.513	14.625
Samtals	123.127	144.888	194.375	234.466	255.610

(Ársreikningar Austurbyggðar 2003-2006 og Fjarðabyggðar 2003-2007)

Tafla 3**Heildarrekstrarkostnaður án húsaleigu**


	2003	2004	2005	2006	2007
Sólvellir	35.345	44.477	64.006	68.837	67.092
Dalborg	25.439	29.400	34.355	37.048	41.399
Lyngholt	20.126	24.458	32.774	47.687	49.808
Kæribær	14.437	15.404	19.763	23.620	26.602
Balaborg	7.408	8.948	10.371	12.159	13.264
Samtals	102.755	122.687	161.269	189.351	198.165

(Ársreikningar Austurbyggðar 2003-2006 og Fjarðabyggðar 2003-2007)

Mynd 1


(Ársreikningar Austurbyggðar 2003-2006 og Fjarðabyggðar 2003-2007)

Mynd 2




(Ársreikningar Austurbyggðar 2003-2006 og Fjarðabyggðar 2003-2007)

Mynd 3




(Ársreikningar Austurbyggðar 2003-2006 og Fjarðabyggðar 2003-2007)

Mynd 4




(Ársreikningar Austurbyggðar 2003-2006 og Fjarðabyggðar 2003-2007)

Mynd 5



(Ársreikningar Austurbyggðar 2003-2006 og Fjarðabyggðar 2003-2007)

Mynd 6



(Ársreikningar Austurbyggðar 2003-2006 og Fjarðabyggðar 2003-2007)

Áður hefur komið fram að stefna Fjarðabyggðar er sú að hafa leikskólagjöld hófleg en þó hafa þau verið hækkuð reglubundið á síðustu árum (Gjaldskrár leikskóla Austurbyggðar og Fjarðabyggðar 2003-2008). Ástæða er til að kanna hve tekjur vegna leikskólagjalda eru hátt hlutfall af rekstrarkostnaði leikskólanna. Þar sem leikskólarnir eru mjög misjafnir hvað stærð og umfang áhrærir var þessi þáttur kannaður fyrir hvern skóla. Í töflu 4 má sjá hlutfall tekna (leikskólagjalda) af heildarrekstrarkostnaði leikskólanna að meðtalinni reiknaðri húsaleigu. Taflan sýnir að leikskólagjöld hafa alls ekki hækkað í samræmi við hækkandi rekstrarkostnað skólanna. Á Sólvöllum í Neskaupstað námu leikskólagjöld 29% af heildarrekstrarkostnaði árið 2003 en árið 2007 námu þau einungis 17%. Sama þróun hefur átt sér stað varðandi aðra skóla eins og sjá má í töflunni. Athygli vekur að árið 2007 námu leikskólagjöldin einungis 8% af rekstrarkostnaði Balaborgar á Stöðvarfirði enda hefur börnum þar fækkað töluvert eins og síðar mun verða greint frá en slík fækkun hefur takmörkuð áhrif á rekstrarkostnaðinn.

Í töflu 5 má sjá hlutfall tekna (leikskólagjalda) af heildarrekstrarkostnaði skólanna þegar reiknuð húsaleiga er undanskilin.

Tafla 4

Hlutfall tekna af heildarrekstrarkostnaði

	2003		2004		2005		2006		2007	
Sólvellir	39.975		50.469		76.758		82.337		83.300	
	11.516	29%	14.672	29%	14.381	19%	12.721	15%	14.516	17%
Dalborg	35.392		39.648		44.979		48.097		55.393	
	6.576	19%	5.931	15%	6.521	14%	7.526	16%	8.704	16%
Lyngholt	23.098		27.517		39.515		64.942		68.878	
	5.392	23%	5.821	21%	6.892	17%	9.335	14%	11.617	17%
Kæribær	16.103		17.120		21.530		25.577		33.414	
	5.548	34%	5.886	34%	7.534	35%	5.923	23%	5.540	17%
Balaborg	8.559		10.134		11.593		13.513		14.625	
	2.438	28%	2.782	27%	2.365	20%	1.718	13%	1.104	8%

(Ársreikningar Austurbyggðar 2003-2006 og Fjarðabyggðar 2003-2007)

Tafla 5

Hlutfall tekna af heildarrekstrarkostnaði án húsaleigu

	2003		2004		2005		2006		2007	
Sólvellir	35.345		44.477		64.006		68.837		67.092	
	11.516	33%	14.672	33%	14.381	22%	12.721	18%	14.516	22%
Dalborg	25.439		29.400		34.355		37.048		41.399	
	6.576	26%	5.931	20%	6.521	19%	7.526	20%	8.704	21%
Lyngholt	20.126		24.458		32.774		47.687		49.808	
	5.392	27%	5.821	24%	6.892	21%	9.335	20%	11.617	23%
Kæribær	14.336		15.353		19.763		23.620		26.602	
	5.548	39%	5.886	38%	7.534	38%	5.923	25%	5.540	21%
Balaborg	7.337		8.912		10.371		12.159		13.264	
	2.438	33%	2.782	31%	2.365	23%	1.718	14%	1.104	8%

(Ársreikningar Austurbyggðar 2003-2006 og Fjarðabyggðar 2003-2007)

3.3 Fjöldi barna

Hér á eftir verða birtar tölulegar upplýsingar um fjölda leikskólabarna í Fjarðabyggð á árunum 2000-2007. Í töflu 6 er tilgreindur fjöldi barna í hverjum árgangi og fjöldi barna í þeim hlutum sveitarfélagsins sem leikskólar eru starfræktir í. Samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélaginu njóta nánast öll börn á leikskólaaldri þjónustu leikskólanna ef undan eru skilin nokkur börn í Neskaupstað sem njóta þjónustu dagforeldra eins og fyrr greinir. Í töflunni er gerð grein fyrir fjölda barna hvert ár fyrir sig.

Tafla 6**Fjöldi barna á leikskólaaldri í Fjarðabyggð á árunum 2000-2007**

Árið 2000	1. ÁRS	2. ÁRA	3. ÁRA	4. ÁRA	5. ÁRA	SAMTALS
Neskaupstaður	26	14	14	16	34	104
Eskifjörður	11	13	17	21	10	72
Reyðarfjörður	8	13	13	12	15	61
Fáskrúðsfjörður	4	9	5	7	8	33
Stöðvarfjörður	4	3	4	8	5	24
SAMTALS	53	52	53	64	72	294

Árið 2001	1. ÁRS	2. ÁRA	3. ÁRA	4. ÁRA	5. ÁRA	SAMTALS
Neskaupstaður	24	24	12	16	17	93
Eskifjörður	11	13	14	16	21	75
Reyðarfjörður	10	8	10	11	11	50
Fáskrúðsfjörður	10	4	9	6	7	36
Stöðvarfjörður	3	4	3	4	5	19
SAMTALS	58	53	48	53	61	273

Árið 2002	1. ÁRS	2. ÁRA	3. ÁRA	4. ÁRA	5. ÁRA	SAMTALS
Neskaupstaður	21	29	27	8	16	101
Eskifjörður	11	9	13	14	18	65
Reyðarfjörður	5	9	8	10	13	45
Fáskrúðsfjörður	7	10	5	9	5	36
Stöðvarfjörður	4	4	5	3	6	22
SAMTALS	48	61	58	44	58	269

Árið 2003	1. ÁRS	2. ÁRA	3. ÁRA	4. ÁRA	5. ÁRA	SAMTALS
Neskaupstaður	19	21	32	26	9	107
Eskifjörður	9	12	9	9	14	53
Reyðarfjörður	13	7	14	8	11	53
Fáskrúðsfjörður	5	9	11	4	10	39
Stöðvarfjörður	1	4	4	4	3	16
SAMTALS	47	53	70	51	47	268

Árið 2004	1. ÁRS	2. ÁRA	3. ÁRA	4. ÁRA	5. ÁRA	SAMTALS
Neskaupstaður	12	19	21	30	27	109
Eskifjörður	11	11	9	10	9	50
Reyðarfjörður	13	12	8	13	9	55
Fáskrúðsfjörður	5	5	9	11	3	33
Stöðvarfjörður	3	1	4	4	4	16
SAMTALS	44	48	51	68	52	263

Árið 2005	1. ÁRS	2. ÁRA	3. ÁRA	4. ÁRA	5. ÁRA	SAMTALS
Neskaupstaður	17	12	20	21	32	102
Eskifjörður	13	11	10	11	13	58
Reyðarfjörður	6	16	12	9	13	56
Fáskrúðsfjörður	15	7	9	9	11	51
Stöðvarfjörður	2	1	1	3	3	10
SAMTALS	53	47	52	53	72	277

Árið 2006	1. ÁRS	2. ÁRA	3. ÁRA	4. ÁRA	5. ÁRA	SAMTALS
Neskaupstaður	20	15	13	17	23	88
Eskifjörður	15	13	10	11	9	58
Reyðarfjörður	14	5	21	12	13	65
Fáskrúðsfjörður	4	14	5	9	9	41
Stöðvarfjörður	1	2	1	1	4	9
SAMTALS	54	49	50	50	58	261

Árið 2007	1. ÁRS	2. ÁRA	3. ÁRA	4. ÁRA	5. ÁRA	SAMTALS
Neskaupstaður	25	21	18	14	20	98
Eskifjörður	10	15	13	12	10	60
Reyðarfjörður	12	18	11	21	15	77
Fáskrúðsfjörður	8	4	16	7	11	46
Stöðvarfjörður	3	1	1	1	1	7
SAMTALS	58	59	59	55	57	288

(Íbúaskrá Fjarðabyggðar 2000-2007).

Í töflunni hér að framan sést að heildarfjöldi leikskólabarna í Fjarðabyggð á umræddu tímabili er á bilinu 261-294. Börnin eru flest árið 2000 en þeim fækkar nokkuð næstu árin og eru þau fæst árið 2006. Árið 2007 tekur þeim að fjölga á ný.

Taflan veita upplýsingar sem eru athyglisverðar þegar starfsemi leikskóla er höfð í huga. Það vekur verulega athygli hvað árgangastærð er misjöfn. Fámennasti árgangurinn í Neskaupstað er 8 börn (fjögurra ára börn árið 2002) en fjölmennasti árgangurinn er 34 börn (fimm ára börn árið 2000). Eins er verulegur árgangamunur í öðrum byggðakjörnum á umræddu tímabili. Sveiflur í árgangastærðum hafa veruleg áhrif á starfsemi leikskólanna, skipulag þeirra og starfsmannahald.

Þróun barnafjölda í byggðakjörnunum er nokkuð misjöfn. Áberandi er að börnum á Reyðarfirði hefur fjölgað verulega og eru 77 börn á leikskólaaldri þar árið 2007. Hins vegar hefur börnum á Stöðvarfirði fækkað töluvert en einungis 7 börn á leikskólaaldri eru búsett þar árið 2007.

4. Innra starf leikskólanna

Eins og fyrr greinir er innra starf leikskólanna í Fjarðabyggð ekki samræmt með neinum hætti. Hver skóli mótar sína stefnu og gerir sína skólanámskrá. Í þessum kafla verður fjallað um innra starf skólanna og gerð grein fyrir hvað einkennir það helst. Þá verður einnig greint sérstaklega frá nokkrum þáttum sem eru mikilvægir í skólastarfinu. Tekið skal fram að hér verður hinu daglega starfi í skólunum engin nán skil gerð því slík umfjöllun myndi einfaldlega gera verkefnið of umfangsmikið.

4.1 Skólanámskrár

Aðalnámskrá leikskóla var gefin út árið 1999. Tók hún við af uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili sem gefin var út árið 1985 en hún skilgreindi hlutverk leikskóla. Aðalnámskráin er miðstýrð með þeim hætti að ríkið setur hana og hefur hún reglugerðarígildi. Með Aðalnámskránni eru lagðar meginlínur hvað varðar leikskólastarf og hlutverk leikskóla skilgreint með skýrum hætti. Samkvæmt fjórðu grein leikskólalaga ber hverjum leikskóla að gera sína eigin námskrá í ljósi Aðalnámskrárinnar. Námskrá hvers skóla nefnist skólanámskrá. Skólanámskrám er ætlað að gegna öðru hlutverki en Aðalnámskrá. Í skólanámskránum er að finna útfærslur á markmiðum Aðalnámskrárinnar en þær geta einnig tekið til annarra þátta og hafa því sértækt upplýsingagildi fyrir hvern skóla. Þættir sem skólanámskrá getur til dæmis kveðið á um eru kennsluhættir eða kennsluaðferðir, skipulagning námsumhverfis, samstarf við foreldra, stjórnun og fleira (Jón Torfi Jónasson 2006:50 og 63 og Guðrún Geirsdóttir 1997:115-116).

Gerð skólanámskrár er að mestu leyti í höndum skólanna sjálfra eða stjórnenda þeirra og starfsmanna. Því er mikilvægt að leikskólakennarar og leikskólastjórar kunni talsvert fyrir sér í námskráargerð, þekki vel grunnhugtök námskráfræða og hafi gott vald á umræðu um hugmyndafræði að baki skólastarfi. Eðlilegt er að skólanámskrár séu endurskoðaðar með reglubundnum hætti og við endurskoðunina skapist frjó umræða innan skólanna um eðli og skipulag þess starfs sem þeir sinna (Guðrún Geirsdóttir 1997:116).

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim skólanámskrám sem gerðar hafa verið í leikskólum Fjarðabyggðar og stöðu námskrágerðar í þeim leikskólum þar sem henni er ekki lokið.

Stöðvarfjörður (Balaborg)

Skólanámskrá hefur ekki verið gerð fyrir Balaborg og með leyfi frá Menntamálaráðuneytinu verður hún ekki gerð í bráð. Leyfið fékkst með tilvísun til þess að börnum í leikskólanum hafi sífellt verið að fækka og væru einungis sjö talsins þegar að þetta er ritað. Jafnframt var leyfið veitt á grundvelli þess að í skólanum eru gerðar starfsáætlanir þrisvar sinnum á ári sem eru ítarlegar og upplýsandi um skólastarfið.

Í Balaborg er unnið samkvæmt ákvæðum Aðalnámskrár leikskóla en ekki er fylgt neinni sérstakri stefnu í skólastarfinu að öðru leyti. Mikið er lagt upp úr því að börnunum líði vel í skólanum, vilji koma í hann og finnist gaman að dvelja þar. Kjörorð leikskólans er *gagn og gaman* og á það að vera lýsandi fyrir starfið sem þar fer fram (Ingibjörg Eyþórsdóttir, svör við spurningalista).

Fáskrúðsfjörður (Kæribær)

Gildandi skólanámskrá fyrir Kærabæ var gefin út í desembermánuði árið 2007. Í námskránni er stuttlega gerð grein fyrir sögu leikskólastarfsemi á Fáskrúðsfirði og upplýst að einkunnarorð leikskólans séu *kunnátta - kæti – kærleikur*. Uppeldisstefna skólans tekur fyrst og fremst mið af kenningum tveggja kenningasmiða, annars vegar John Dewey og hins vegar Howard Gardner. Hvað varðar kenningar Dewey er áhersla lögð á að börnin læri með því að reyna sjálf og uppgötva og að leikurinn sé leiðin til að mennta og þroska börn. Hvað varðar kenningu Gardner er hins vegar lögð áhersla á að hver einstaklingur búi yfir átta “greindum” en hver einstaklingur getur verið ríkari af einni greind en annarri.

Í skólanámskránni er gerð grein fyrir markmiðum skólastarfsins og fjallað um skipulag þess. Fjallað er um námssvið skólans og í því sambandi er lögð áhersla á málrækt, hreyfingu, myndsköpun, tónlist, náttúru og umhverfi og menningu og samfélag. Sérstök áhersla er lögð á samstarf við grunnskólann og málefni sem snerta fjölmenningu. Þá er getið um starfsmannastefnu, foreldrasamstarf og mat á skólastarfi (Leikskólinn Kæribær. Námskrá 2007).

Reyðarfjörður (Lyngholt)

Núgildandi skólanámskrá Lyngholts kom út árið 2006 og er það í áttunda sinn sem leikskólinn gefur út námskrá. Í námskránni er fjallað um sögu leikskólastarfsemi á Reyðarfirði og gerð grein fyrir hvað lög segja að eigi að vera meginmarkmið með uppeldi í leikskólum. Kjörorð skólans er kynnt en það er “Allir geta eitthvað, enginn getur allt”. Kjörorðið er haft

að leiðarljósi í öllu starfi skólans sem tekur mið af fjölgreindarkenningu Howard Gardners en mest áhersla er lögð á umhverfisvernd, ritmálsörvun og hreyfingu.

Í námskránni kemur fram að leikskólinn hóf vinnu við tvö þróunarverkefni vorið 2005. Verkefnið bera heitin “Tákn með tali” og “Nám í gegnum íþróttir”. “Tákn með tali” eða TMT eins og það er oftast nefnt stendur yfir í fjögur ár, en verkefnið “Nám í gegnum íþróttir” er Comeniusar verkefni sem unnið er í samvinnu við leikskóla í Eistlandi, Búlgaríu og Bretlandi.

Námssviðum leikskólans er lýst í námskránni og er þar lögð áhersla á hreyfingu, málrækt, myndsköpun og annað skapandi starf, tónlist, náttúru og umhverfi, menningu og samfélag, lífsleikni og stærðfræði. Mikil áhersla er lögð á leikinn í námskránni og kemur fram að skólinn kappkosti að skapa góð skilyrði fyrir leik. Þá er fjallað um samstarf leikskólans og grunnskólans.

Í námskránni er dregin upp skýr mynd af daglegu lífi í leikskólanum og veittar ýmsar hagnýtar upplýsingar eins og um klæðnað barnanna, starfsdaga starfsfólks, tilkynningu veikinda, afmælisdaga og fleira.

Umfjöllun um samstarf heimila og skólans fær gott rými í námskránni auk þess sem þar er fjallað um mat á skólastarfi, starfsmannastefnu og öryggismál (Yfir holt og hæðir. Skólanámskrá Lyngholts 2006).

Eskifjörður (Dalborg)

Skólanámskrá Dalborgar var gefin út í fyrsta sinn árið 2007. Í henni er fjallað um sögu leikskólustarfs á Eskifirði og eins og í öðrum námskrám er getið um grundvallarhugmyndafræði leikskólustarfsins, lög um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla. Einkunnarorð Dalborgar eru *hreinskilni – hugrekki – trú á eigin getu*. Skólinn vinnur út frá hugmyndafræði John Deweys og Howard Gardners og er listsköpun og skráning stór þáttur í starfi leikskólans. Samkvæmt kenningum Deweys er lögð áhersla á að virkja athafnaþörf barnsins og vekja áhuga þess. Í því sambandi er brýnt að barnið læri af eigin reynslu og þannig fái það skilning á umhverfi sínu. Samkvæmt kenningum Gardners er lögð áhersla á að börn búi yfir öllum greindum og geti þroskað hverja greind ef næg örvun og tækifæri eru fyrir hendi. Þó er á það bent að hæfileiki einstaklinga geti verið misjafn frá einni greind til annarrar.

Hvað varðar námssvið skólans er lögð áhersla á hreyfingu, málrækt, myndsköpun og annað skapandi starf, tónlist, náttúru og umhverfi, stærðfræði og menningu og samfélag. Hvað varðar menningu og samfélag er lögð áhersla á að Íslendingar séu þátttakendur í fjölbreytilegu

samstarfi þjóða og nauðsynlegt sé að virða aðrar þjóðir hver sem uppruni þeirra sé, lífsviðhorf, tungumál eða trúarbrögð.

Í námskránni er gerð skilmerkileg grein fyrir samstarfi leikskóla og grunnskóla og eins er fjallað um daglegt líf í leikskólanum þar sem mikil áhersla er lögð á leikinn og vettvangsferðir. Í lokin eru veittar ýmsar hagnýtar upplýsingar í námskránni og fjallað um samstarf heimilis og skóla, stjórnun, mat á leikskólastarfinu og öryggismál (Leikskólinn Dalborg. Skólanámskrá 2007).

Neskaupstaður (Sólvellir)

Unnið hefur verið að gerð skólanámskrár Sólvalla en hún hefur ekki verið gefin út ennþá. Byggir skólanámskráin fyrst og fremst á kenningum John Deweys og er starfað í anda þeirra kenninga í skólanum.

Þó skólanámskrá sé ekki til staðar er starfið á leikskólanum formfast og byggir á tiltölulega rótgrónum hefðum (Halla Höskuldsdóttir, svör við spurningalista).

4.2 Umfjöllun um einstaka þætti skólanámskrána og leikskólastarf

Hér á eftir verður fjallað um ýmsa lykilþætti skólanámskrána leikskólanna í Fjarðabyggð og eins verður getið um nokkra aðra mikilvæga þætti sem tengjast leikskólastarfinu.

Stefnur

Í yfirlitinu um skólanámskrárnar hér að framan kemur skýrt fram að leikskólarnir í Fjarðabyggð byggja starfsemi sína fyrst og fremst á kenningum John Deweys og Howard Gardners að undanskildum leikskólanum Balaborg á Stöðvarfirði sem starfar samkvæmt ákvæðum Aðalnámskrár leikskóla en fylgir engri sérstakri stefnu að öðru leyti. Leikskólinn Sólvellir í Neskaupstað byggir starf sitt eingöngu á kenningum Deweys en leikskólarnir á Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði og Eskifirði flétta saman kenningum Deweys og Gardners. Sérstaklega er athyglisvert hvað fjölgreindarkenning Gardners er áhrifarík í starfi leikskólanna þriggja og mikil áhersla lögð á að fylgja þeirri stefnu. Miðað við upplýsingar frá leikskólastjórum umræddra leikskóla ríkir mikil ánægja með þá áherslu sem lögð er á fjölgreindarkenninguna (Hrafnhildur Una Guðjónsdóttir, Lísu Björk Bragadóttir, Sóley Valdimarsdóttir, svör við spurningalistum).

Stefna leikskólanna hefur þróast með þeim hætti síðustu árin að áhersla á kenningar Deweys og einkum Gardners hefur verið að aukast. Einna helst hefur stefna Dalborgar á

Eskifirði tekið grundvallarbreytingum á síðustu árum því að á árunum 2003 til 2006 var þar fylgt hinni svonefndu Hjallastefnu (Sóley Valdimarsdóttir, svör við spurningalista). Hjallastefnan er kennd við leikskólann Hjalla í Hafnarfirði og er hún sérstök íslensk skólafestna fyrir leikskóla. Höfundur Hjallastefnunnar er Margrét Pála Ólafsdóttir leikskólastjóri. Hjallastefnan hefur, reyndar eins og flestar aðrar leikskólafestnur, að leiðarljósi að koma til móts við hvert barn og kynjaskiptar deildir eru á meðal þeirra leiða sem farnar eru að því marki. Slíkum deildum er meðal annars ætlað að tryggja stúlkum og drengjum jafnræði hvað varðar kennslu, aðstöðu og möguleika (Jón Torfi Jónasson 2006:63-64).

Stjórnun

Í skólanámskrá Dalborgar á Eskifirði er sérstakur kafli sem fjallar um stjórnun og stjórnunarhætti á leikskólanum. Ekki er eins mikil áhersla lögð á að gera stjórnunarháttum skil í námskrám hinna skólanna. Í öllum námskránum er hins vegar skilmerkilega gerð grein fyrir foreldrasamstarfi en foreldrafélög eru starfandi við alla leikskólana.

Í svörum leikskólastjóranna við spurningalista sem þeim var sendur kemur fram hvaða stjórnunaraðferðum er fylgt í hverjum skóla fyrir sig.

- Á Stöðvarfirði er lögð áhersla á að virkja allt starfsfólkið við stjórnun skólans. Einu sinni í mánuði eru haldnir starfsmannafundir og þá er farið yfir starf síðustu vikna og starfið framundan (Ingibjörg Eyþórsdóttir, svör við spurningalista).
- Á Fáskrúðsfirði eru starfsmannafundir haldnir einu sinni í mánuði og sömu daga eru haldnir deildastjórafundir. Á fundinum er farið yfir öll mál sem þykja mikilvæg og þess gætt að starfsmenn eigi kost á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri hvað varðar stjórnun og áherslur (Hrafnhildur Una Guðjónsdóttir, svör við spurningalista).
- Á Reyðarfirði eru starfsmannafundir haldnir hálfsmánaðarlega og einnig deildarstjórafundur. Þar hengir leikskólastjóri fundadagskrá upp með góðum fyrirvara og geta starfsmennirnir bætt þeim málum inn á dagskrána sem þeir vilja ræða (Lísa Björk Bragadóttir, svör við spurningalista).
- Á Eskifirði eru starfsmannafundir haldnir tvisvar sinnum í mánuði í tvær klukkustundir í senn. Annar fundurinn er nýttur sem deildafundur eða vinnufundur fyrir starfsmenn á hverri deild fyrir sig en hinn fundurinn er almennur starfsmannafundur. Deildarstjórafundir eru haldnir einu sinni í viku. Í leikskólanum er lögð áhersla á að allir starfsmennirnir eigi kost á að tjá sig um starfsemina og eins er

leitast við að dreifa ábyrgð á ýmsum verkefnum (Sóley Valdimarsdóttir, svör við spurningalista).

- Í Neskaupstað eru starfsmannafundir haldnir einu sinni í mánuði og eins eru deildastjórafundir haldnir mánaðarlega. Leikskólastjóri leggur mikla áherslu á dagleg tengsl við deildarstjóra og þátttöku starfsmanna hvað varðar ákvarðanatöku (Halla Höskuldsdóttir, svör við spurningalista).

Áberandi er að í öllum leikskólunum er mikil áhersla lögð á þáttökustjórnun. Forsenda þáttökustjórnunar er í rauninni sú að stjórnandi trúir því að leikskólakennararnir og annað starfsfólk hafi eitthvað fram að færa og sé ábyrgðarfullt og metnaðarfullt fyrir hönd skólans. Þá byggir þáttökustjórnun einnig á þeirri forsendu að þátttaka starfsmanna leiði til betri ákvarðana og að opin umræða allra starfsmanna um einstök málefni bæti starfsanda og auki ábyrgðarkennd. Þegar þáttökustjórnun er beitt er alls ekki nauðsynlegt að forðast allan ágreining því ágreiningur getur leitt til gagnlegrar umræðu og betri niðurstöðu en ella. Ef ágreiningur er uppi skiptir hins vegar máli hvernig umræða á sér stað því þá er afar mikilvægt að umræðan sé öguð og málefnaleg (Bloom, Jorde Paula 2000:15).

Foreldrasamstarf

Í öllum þremur leikskólum Fjarðabyggðar sem skólanámskrá hefur verið gerð fyrir er lögð áhersla á foreldrasamstarf eins og fram kemur í námskránum. Í leikskólunum tveimur sem ekki hafa lokið námskrárgerð er foreldrasamstarf einnig í föstum skorðum. Eins og fyrr greinir eru foreldrafélög starfrækt í tengslum við alla leikskólana fimm. Að mati leikskólastjóranna er starfsemi foreldrafélaganna afar mikilvæg fyrir skólana og góð viðbót við þau daglegu samskipti sem eru á milli foreldra og starfsfólks. Allir leikskólarnir hafa heimasíðu á netinu og eru þær tengdar heimasíðu sveitarfélagsins. Á heimasíðunum eru veittar mikilvægar upplýsingar um starfsemi leikskólanna sem gagnast foreldrum afar vel (www.fjardabyggd.is, www.leikskolinn.is/balaborg/, www.leikskolinn.is/dalborg/, www.leikskolinn.is/lyngholt/, www.leikskolinn.is/kaerib/ og www.leikskolinn.is/solvellir/). Hér á eftir verður stuttlega gerð grein fyrir foreldrasamstarfi í hverjum leikskóla fyrir sig:

- Á Stöðvarfirði heldur foreldrafélagið ársfund sinn í september hvert ár og kemur leikskólastjórinn á fundinn til að kynna vetrarstarf skólans. Að auki stendur félagið fyrir fleiri fundum í samráði við leikskólastjóra. Félagið tekur að sér ýmis verkefni í

þágu skólans og þegar að efnt er til athafna á vegum hans er foreldrafélagið boðið og búið að aðstoða með ýmsum hætti (Ingibjörg Eypórsdóttir, svör við spurningalista).

- Á Fáskrúðsfirði er boðið upp á foreldraviðtöl einu sinni á ári og er stefnt að því að hafa þau í afmælimánuði hvers barns. Í viðtölunum er farið yfir þroska og framfarir barnsins. Foreldrafundir eru að hausti og er þar farið yfir vetrarstarfið. Fyrir utan þetta samstarf er boðið upp á jólakaffi fyrir foreldra, vorhátíð og fleiri uppákomur í þeim tilgangi að styrkja böndin á milli foreldra, barna og starfsfólks. Foreldrafélagið hefur efnt til ýmissa uppákoma til að gleðja börnin eins og til dæmis íþróttadaga, pílta- og stúlnadaga og leiksýninga (Leikskólinn Kærribær. Námskrá 2007).
- Á Reyðarfirði eru foreldrafundir haldnir á haustin og er þar fjallað um starfið almennt og starfsemina á komandi vetri. Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári. Þar er um að ræða klukkustundarviðtal í hvert sinn við leikskólastjóra og viðkomandi deildarstjóra. Í foreldraviðtölunum er farið yfir framfarir hvers barns og almennan þroska auk þess sem miðlað er ýmsum mikilvægum upplýsingum. Þegar barn byrjar í leikskólanum eru haldnir fundir með foreldrum þess í fyrstu viku barnsins á skólanum og einnig þegar það hefur verið í skólanum í einn mánuð. Hefðir hafa skapast í samskiptum foreldra og leikskólans, til dæmis koma foreldrar að vorsýningu skólans þar sem almenningi er gefinn kostur á að skoða afrakstur vetrarstarfsins. Þá hefur foreldrafélagið ávallt verið tilbúið að aðstoða við ýmsar uppákomur í skólastarfinu eins og til dæmis ferðalög, jólaskemmtanir og fleira (Yfir holt og hæðir. Skólanámskrá Lyngholts 2006).
- Á Eskifirði fara skipulögð foreldraviðtöl fram einu sinni á hverju skólaári. Að auki geta foreldrar beðið um fundi um málefni barns síns hvenær sem er. Foreldrum er einnig boðið í heimsókn í leikskólann nokkrum sinnum á ári. Sérstök rækt er lögð við samstarf við foreldra þegar barn er að koma inn á leikskólann í fyrsta sinn og er aðlögun barnsins að leikskólastarfinu skipulögð í samvinnu við foreldra. Foreldrafélagið styður mjög við starfsemi leikskólans og tekur þátt í að skipuleggja ferðir, skemmtanir og fleira. Þá er félagið einnig með ferðir og uppákomur á eigin vegum og hefur haft frumkvæði að leiksýningum fyrir leikskólabörnin. Á aðalfundi félagsins sem haldinn er hvert haust er starfsemi leikskólans kynnt (Leikskólinn Dalborg. Skólanámskrá 2007).
- Í Neskaupstað er haldinn foreldrafundur einu sinni á ári og er þar farið yfir starfsemi leikskólans. Foreldraviðtöl fara einnig fram einu sinni á ári. Að auki geta foreldrar eða starfsmenn leikskólans farið fram á viðtöl þegar ástæða þykir til. Sérhver deildarstjóri

hefur símaviðtalstíma einu sinni í viku og eins geta foreldrar fengið símaviðtal við leikskólastjóra hvenær sem þeim hentar. Foreldrafélagið er virkt og kemur að skólastarfinu með ýmsum hætti. Til dæmis tekur það þátt í skipulagi á svonefndu opnu húsi, foreldrakaffis og piparkökudaga (Halla Höskuldsdóttir, svör við spurningalista).

Þegar farið er yfir tengsl foreldra og leikskólanna kemur fram að skipulag þeirra er sambærilegt í skólunum fimm. Í öllum skólunum er mikið lagt upp úr foreldrasamstarfi og kemur fram það viðhorf í námskrám og hjá leikskólastjórunum að foreldrar beri í reynd frumábyrgð á uppeldi barna sinna og velferð þeirra en leikskólanum beri að veita foreldrunum stuðning við uppeldið og þess vegna sé samstarf afar mikilvægt á milli heimila og skóla.

Einstaklingsmat og mat á leikskólastarfi

Í reglugerð um starfsemi leikskóla segir að hver skóli eigi að móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti bæði innan skólans og utan. Matið á að framkvæma með hliðsjón af lögum, reglugerð og Aðalnámskrá leikskóla. Í leikskólunum í Fjarðabyggð er mat af þessu tagi framkvæmt en það er gert með breytilegum hætti frá einum skóla til annars eins og kemur skýrt fram þegar skólanámskrár eru yfirfarnar (Reglugerð um starfsemi leikskóla, nr. 225/1995).

Samkvæmt skólanámskrám leikskólanna í Fjarðabyggð er mikil áhersla lögð á að meta innra starf skólans. Á starfsmanna- og deildarfundum er farið yfir þau verkefni sem sinnt er og lagt mat á þau þannig að óformlegt daglegt mat er sífellt í gangi. Í leikskólunum á Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði er að auki árlega gerð könnun á meðal foreldra og starfsmanna til viðhorfa þeirra til ýmissa þátta í starfinu. Á Fáskrúðsfirði eru skipulagsdagar tvisvar á ári og eru þeir meðal annars notaðir til mats. Leikskólinn á Reyðarfirði notar svonefndan Ecerskvarða til að meta aðstæður og starfshætti á deildum fyrir 3-6 ára gömul börn. Samkvæmt skólanámskrám leikskólanna á Eskifirði og Reyðarfirði er þar lögð mikil áhersla á einstaklingsmat. Í því sambandi eru notaðir ýmsir matskvarðar til að meta þroskaþætti barnanna. Matskvarðarnir eru eftirtaldir: Íslenski þroskalistinn, AAL, Færniskema 0-6 ára barna, HLJÓM-2, Orðaskil, hreyfiþroskamat, MOT-kvarði til að meta hreyfiþroska 4-6 ára barna og könnun á markvissri málörvun (Leikskólinn Dalborg. Skólanámskrá 2007, Yfir holt og hæðir. Skólanámskrá Lyngholts 2006 og Leikskólinn Kæríbær. Námskrá 2007).

Tengsl leikskóla og grunnskóla

Í lögum um leikskóla frá 1994 er formlega tilgreint að leikskólinn sé hluti af skólakerfinu og þar með í reynd fyrsta skólastigið (Lög um leikskóla, nr. 78/1994). Nokkuð óljóst er hvaða máli þetta ákvæði laganna skiptir fyrir starfsemi leikskólans. Ef markmiðssetning leikskólastarfs í leikskólalögum frá 1991 eru borin saman við markmiðssetninguna í lögum frá 1994 kemur í ljós að hún er nánast óbreytt að því undanskildu að rætt er um leikskólakennara í stað fóstara. Greinin um markmiðssetninguna í lögum frá 1994 hefur margt sambærilegt við markmiðssetningu í 2. grein grunnskólalaga nema að *nemandi* og *þjálfun* koma hvergi fyrir í leikskólalögum. Orðið menntun er þó notað tvívegis í leikskólalögum, það er í 1. og 4. grein (Lög um leikskóla, nr. 48/1991, Lög um leikskóla, nr. 78/1994 og Lög um grunnskóla, nr. 66/1995). Ljóst er að tengsl leikskólastigs og grunnskólastigs eru ekki mjög skýr þegar litið er til laganna þó ljóst sé að ætlunin hafi verið að tryggja að ákveðin samfella yrði í starfi leikskóla og grunnskóla. Samkvæmt leikskólalögum virðist það ekki vera afdráttarlaust markmið leikskóla að undirbúa börn undir grunnskólanám. Samt sem áður er lögð rík áhersla á samstarf þessara skólastiga og öllum er ljóst að mörg verkefna skólastiganna skarast. Erfitt hlýtur að vera að setja formlegar kvaðir á leikskólann hvað varðar að undirbúa börn undir grunnskólanám því börn eru ekki skyldug að sækja hann. Það er hins vegar staðreynd að langflest börn njóta þjónustu leikskóla og leikskólinn hefur í auknum mæli hugað að tengslum leikskólastigsins og grunnskólastigsins.

Allir leikskólarnir í Fjarðabyggð hyggja að tengslum á milli leikskólastigsins og grunnskólastigsins enda hafa þeir helst kenningar John Deweys að leiðarljósi og Dewey lagði einmitt mikla áherslu á samfellu í námi (Jóhanna Einarsdóttir 2007:99-101). Nokkuð mismunandi er þó hvernig staðið er að samvinnu leikskólanna og grunnskólanna hvað þetta varðar. Hér á eftir verður stuttlega gerð grein fyrir þessum þætti.

- Á Stöðvarfirði er unnið að samvinnuverkefni leikskólans og grunnskólans sem nefnt er “Brúum bilið”. Að hausti er haldinn fundur leikskólakennara og kennara 1. bekkjar grunnskólans og ákveðið með hvaða hætti tengslum skólanna verður háttað. Tengslin byggjast mest á heimsóknum á báða bóga, eins er byggt á samvinnu í íþróttahúsi og bókasafni og að auki hafa leikskólabörnin fengið sundkennslu á vegum grunnskólans einu sinni í viku á vorin (Ingibjörg Eyþórsdóttir, svör við spurningalista).
- Á Fáskrúðsfirði er samstarf leikskólans og grunnskólans einkar einfalt í allri framkvæmd því skólarnir eru undir sama þaki. Allmikill samgangur er á milli yngsta

stigs grunnskólans og barnanna í Kærabæ. Til dæmis eru haldnar sameiginlegar söngstundir auk þess sem nemendaskipti fara fram. Samstarfið á milli leikskólans og grunnskólans teygir sig reyndar til eldri nemenda grunnskólans sem koma í heimsóknir og kynnast starfi barnanna sem eru á leikskólaaldri (Leikskólinn Kærabær. Námskrá 2007).

- Á Reyðarfirði er einnig unnið að samvinnuverkefni “Brúum bilið”. Felst það í því að umsjónakennari 1. bekkjar grunnskólans og sérkennslustjóri leikskólans gera áætlun fyrir veturinn um tengsl skólastiganna. Sem dæmi má nefna eftirfarandi áætlun: *Að hausti* – Samráðsfundur kennara skólahóps og 1. bekkjar ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Upplýsingar um hvert barn gefnar með leyfi foreldra, mat á samstarfi skólastiganna og lagðar línur fyrir áframhaldið.

Í október – kennaraskipti.

Í nóvember – nemendaskipti (tveir dagar).

Í desember – kirkjuferð með aðstoð og þátttöku 5. bekkjar grunnskóla.

Í febrúar – nemendaskipti (tveir dagar).

Í maí – vorskóli, væntanlegur 1. bekkur boðaður í grunnskólann og er þar sem einn bekkur (Yfir holt og hæðir. Skólanámskrá Lyngholts 2006).

- Á Eskifirði er samstarf á milli leikskólans og grunnskólans um verkefnið “Úr leikskóla í grunnskóla”. Við framkvæmd verkefnisins er gert ráð fyrir sameiginlegum fundum kennara leikskólans og grunnskólans á tveggja mánaða fresti. Í námskrá skólans er gerð grein fyrir eftirfarandi ferli sem unnið er samkvæmt til að tryggja tengsl skólastiganna:

Í ágúst – Kennarar skólastiganna hittast og útfæra áætlun um gagnkvæmar heimsóknir og sameiginlega atburði.

Í september – Elstu börnin í leikskólanum koma í heimsókn í grunnskólann.

Skólastjóri tekur á móti börnunum og kynnir fyrir þeim skólann og starfsfólk hans.

Nemendur í 1. bekk koma í heimsókn í leikskólann. Leikskólakennarinn kemur inn í 1. bekk og tekur þátt í einni kennslustund með grunnskólakennara.

Í október – skiptidagar – leikskólabörnin fara í grunnskólann og grunnskólabörn heimsækja leikskólann. Börnin dvelja í um það bil tvær kennslustundir á hvorum stað. Grunnskólakennari fer í leikskólann og tekur þátt í kennslu með leikskólakennara.

Í nóvember – Leikskólabörnin fara í heimsókn í grunnskólann, vinna verkefni (þematengt) með börnunum í 1. bekk og taka þátt í frímínútum. Skipulagt af kennurum beggja skólastiga.

Í desember – Leikskólabörn fara í myndmenntartíma í grunnskólanum, vinna að jólakortagerð eða öðrum tengdum verkefnum (jafnvel áframhald af þemavinnu).

Í febrúar – Skiptidagar – leikskólabörn fara í grunnskólann og grunnskólabörn heimsækja leikskólann. Börnin dvelja í um það bil tvær kennslustundir á hvorum stað.

Í mars – Leikskólabörnin fara í kennslustund í íþróttahúsið.

Í apríl – Komið á “skólavinum”. Kennarar hittast og ákveða í sameiningu skólavini. Verðandi 1. bekkingar fá skólavini í 3. bekk sem verða stuðningsaðilar 1. bekkinga um haustið í grunnskólanum. Leikskólabörn heimsækja grunnskólann og hitta skólavininn sinn.

Í maí – Tilvonandi kennari 1. bekkjar fer í heimsókn í leikskólann og kynnir sér tilvonandi 1. bekkinga. Kennarar beggja skólastiga skiptast á upplýsingum um námsefni og markmið. Skilafundur leikskóla og grunnskóla, farið yfir heftið “Frá leikskóla til grunnskóla” sem inniheldur grunnupplýsingar um hvert barn. Vorskóli - leikskólabörn taka þátt í vordögum sem eru í grunnskólanum. Mat á samstarfi skólastiganna (Leikskólinn Dalborg. Skólanámskrá 2006).

- Í Neskaupstað hafa tengsl á milli leikskóla og grunnskóla áunnið sér fastan sess í starfsemi skólanna. Staðsetning Kirkjumels, þar sem deild elstu leikskólabarnanna er til húsa, gerir þó samskiptin fyrirhafnarmeiri en ella. Kirkjumelur er í Norðfjarðarsveit og allangur vegur er á milli Kirkjumels og grunnskólans. Hin hefðbundnu samskipti skólanna byggja á gagnkvæmum heimsóknum barnanna og á vorin eru helstu leikskólabörnin í þrjá daga samfelld í grunnskólanum og kynnast skólastarfinu þar. Fyrirhugað er eins og fyrr greinir að reisa nýjan leikskóla í Neskaupstað og ætti hann að verða tilbúinn árið 2009. Þessi nýi leikskóli á að rísa í næsta nágrenni við grunnskólann og er þá fyrirhugað að endurskoða samskipti skólanna og stórefla þau (Halla Höskuldsdóttir, svör við spurningalista).

Tengsl leikskólanna og tónlistarskólanna í sveitarfélaginu virðast vera frekar lítil og óregluleg. Þó er algengt að tónlistarskólarnir komi til liðs við leikskólana í tengslum við tónlistarflutning á samkomum. Á Fáskrúðsfirði hefur leikskólinn sameiginlega söngfundi í tónlistarskólanum og fyrir kemur að kennarar tónlistarskólanna æfi upp söngatriði leikskólabarna. Notkun leikskólanna á íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins er mjög breytileg á milli skóla. Sumir skólanna nýta þau alls ekki en á Fáskrúðsfirði fara elstu börnin í hreyfingu í íþróttahúsið einu sinni í viku og á Reyðarfirði er íþróttahúsið töluvert nýtt og eins Fjarðabyggðarhöllin sem er nýtt knattspyrnuhús (Sóley Valdimarsdóttir, svör við

spurningalista, Ingibjörg Eyþórsdóttir, svör við spurningalista, Halla Höskuldsdóttir, svör við spurningalista, Lísía Björk Bragadóttir, svör við spurningalista og Hrafnhildur Una Guðjónsdóttir, svör við spurningalista).

Fjölmennin

Á undanförunum tveimur áratugum hefur sífellt meira borið á að fólk af erlendum uppruna setjist að í Fjarðabyggð. Mest ber á fólk af pólskum uppruna en eins hefur fólk víða annars staðar að ákveðið að lifa og starfa í sveitarfélaginu. Fjarðabyggð er því orðin fjölmennin samfélag og þurfa hinir mismunandi menningarhópar að læra að búa saman, virða menningu hver annars og taka tillit hver til annars.

Sú staðreynd að Fjarðabyggð er orðið fjölmennin samfélag hefur víðtæk áhrif á stofnanir samfélagsins og þar á meðal leikskóla. Þegar skólakerfið tekur tillit til ólíks uppruna íbúana tekur það upp fjölmenninlega kennslu. Þegar rætt er um fjölmenninlega kennslu er átt við að skólarnir bjóði upp á sameiginlegan lærdóm eða fræðslu fyrir fólk af mismunandi þjóðerni, fólk með mismunandi menningarlegan og trúarlegan uppruna. Þá er gengið út frá nýjum kennslumarkmiðum sem taka bæði tillit til meirihluta- og minnihlutahópa í samfélaginu. Meirihlutahópurinn þarf að tileinka sér viðurkenningu á afstæði eigin menningar samanborið við aðra menningarstrauma, læra að sýna samkennd og setja sig í annarra spor. Fyrir minnihlutahópana er mikilvægt að þeir læri aðlögun og aðlögunin þarf að fela í sér að einstaklingunum er gert kleyft að lifa í samfélaginu án þess að þeir gefist upp á að virða eigin gildi. Í öllum tilvikum er fjölmenninlega kennsla fræðsluáðferð sem felur í sér andstöðu við kynþáttahatur og þjóðernisríg (Guðrún Pétursdóttir 1999:36).

Leikskólarnir í Fjarðabyggð hafa tekið á verkefnum sem tengjast fjölmenninunni hver með sínum hætti. Þegar skólanámskrár skólanna eru skoðaðar með tilliti til þessa þáttar kemur í ljós að mismunandi áhersla er lögð á fjölmenninlega kennslu. Í námskrá skólans á Reyðarfirði er lögð áhersla á að börnum sé kynnt menning annarra þjóða og börn temji sér tillitsemi og virðingu við trú og siði annarra þjóða (Yfir holt og hæðir. Skólanámskrá Lyngholts 2006). Í námskrá leikskólans á Fáskrúðsfirði er sérstaklega fjallað um fjölmenninuna og lögð áhersla á að börnunum sé kennt að bera virðingu fyrir öðrum, hver sem uppruni þeirra, lífsviðhorf eða trúarbrögð eru. Fræðsla á sér stað um ólíka menningu og sérkenni hinna ýmsu þjóða og mikið lagt upp úr því að allir menn eigi að geta lifað saman í sátt og samlyndi (Leikskólinn Kæríbær. Námskrá 2007). Í námskrá leikskólans á Eskifirði má finna svipaðar áherslur en þar er rætt um að börn þurfi að læra að hver þjóð hafi sín sérkenni og sína sérstæðu menningu og nauðsynlegt sé að meta og virða menningu hverrar þjóðar.

Fram kemur að skólinn stefni að því að öll börnin finni að þau tilheyri samfélaginu sem þau búa í og séu hluti af því, óháð þjóðerni og búsetuskilyrðum (Leikskólinn Dalborg. Skólanámskrá 2007).

Í októbermánuði árið 2007 voru alls 44 börn á leikskólum í Fjarðabyggð sem áttu annað móðurmál en íslensku. Af þessum 44 börnum voru 10 sem áttu annað foreldrið af erlendum uppruna en hitt af íslenskum. Breytilegt er eftir leikskólum hve margir nemendur af erlendum uppruna voru í þeim. Í Balaborg á Stöðvarfirði var ekkert barn af erlendum uppruna. Á Sólvöllum í Neskaupstað voru 9 börn af erlendum uppruna, í Kærabæ á Fáskrúðsfirði voru einnig 9, í Dalborg á Eskifirði voru þau 12 talsins og í Lyngholti á Reyðarfirði voru þau 14. Hlutfall barna af erlendum uppruna í skólunum er frá 0% á Stöðvarfirði í 24,3% á Fáskrúðsfirði. Flest barnanna eru af pólskum uppruna, eða 15 talsins en annars eru börnin af ýmsu þjóðerni (Skýrsla starfshóps um móttöku nýrra íbúa í skólum í Fjarðabyggð 2007:5).

Árið 2007 hóf Fjarðabyggð að vinna verkefni um móttöku nýrra íbúa í samstarfi við Félagsmálaráðuneytið, Innflytjendaráð, Fjölmeningarsetur, Alþjóðahús, Verkmenntaskóla Austurlands, Þekkingarnet Austurlands og Samband sveitarfélaga á Austurlandi. Markmið verkefnisins er að nýir íbúar fái notið sín í samfélaginu, að samfélagið fái notið krafta þeirra og að Fjarðabyggð verði góður búsetukostur. Skipaður var sérstakur starfshópur til að fjalla um skólamál í tengslum við þetta verkefni. Hópurinn komst að því að mismunandi væri eftir skólum hve langt þeir væru komnir í gerð skipulegrar móttökuáætlunar sem miðar að því að auðvelda nýjum nemendum, þar á meðal nemendum af erlendum uppruna, að komast inn í daglegt starf skólanna og takast á við breytt umhverfi. Var álitin full ástæða til að samræma ýmsa þætti hjá skólunum sem varða móttöku nemendanna. Í tengslum við verkefnið voru gerð drög að stefnu Fjarðabyggðar um málefni nemenda með annað móðurmál en íslensku. Þar kemur fram sú grundvallarsýn að Fjarðabyggð leggi áherslu á fjölmennigalega starfshætti grunn- og leikskóla sem hafa það að markmiði að undirbúa starfsfólk og alla nemendur sem best undir að lifa og starfa í fjölmennigarlegu umhverfi. Eins kemur fram að stuðla eigi að aðlögun barna af erlendum uppruna án þess að það leiði til þess að þau fjarlægist eigin menningu um of (Skýrsla starfshóps um móttöku nýrra íbúa í skólum í Fjarðabyggð 2007:12 og 30).

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 27. mars árið 2008 að fylgja eftir niðurstöðum starfshópsins og að leggja áherslu á samræmdar aðgerðir skólastofnana hvað varðar móttöku nýrra íbúa (Fundargerð bæjarstjórnarfundar Bæjarstjórnar Fjarðabyggðar 27. mars 2008).

Leikurinn og vettvangsferðir

Í Aðalnámskrá leikskóla frá 1999 er leiknum gerð ítarleg skil í sérstökum kafla eins og fyrr greinir. Þar er bent á mikilvægi hins sjálfsprottna leiks sem virðist vera aðgreindur frá öðrum leik (Aðalnámskrá leikskóla 1999:11).

Fram hefur komið að leikskólarnir í Fjarðabyggð byggja starfsemi sína fyrst og fremst á kenningum John Deweys og fjölgreindarkenningu Howards Gardners. Í starfi sínu leggja skólarnir áherslu á leikinn í samræmi við ákvæði Aðalnámskrár og í kenningum Deweys er einnig töluverð áhersla lögð á leikinn en hins vegar mest lagt upp úr því að börnum sé gefið færi á að læra með því að framkvæma (learning by doing) og kynnast samfélaginu og umhverfinu með sem virkasti þátttöku. Hlutverk kennarans samkvæmt kenningu Deweys felst í því að hann á að vera leiðbeinandi og verkstjóri. Hann á ekki síst að sjá til þess að börnin hugsi um það sem þau eru að gera hverju sinni og spyrji spurninga sem leiði til menntandi umræðu og nýrrar þekkingar (Gunnar Ragnarsson 2000:16 og Jóhanna Einarsdóttir 2000 *Athöfn 1*, 32).

Í námskrám leikskólanna í Fjarðabyggð og svörum leikskólastjóra við spurningum um starfsemi skólanna kemur skýrt fram hvernig leik og skapandi starfi sem leiðir til aukinnar þekkingar er fléttað saman. Í flestum tilvikum er ekki um beina kennslu að ræða heldur er leikurinn og hið skapandi starf látið njóta sín. Hvað þetta varðar kemur það skýrt fram að starfið í leikskólanum er fremur þroskamiðað en fagmiðað. Í þeim skólum sem fjölgreindarkenning Gardners er fylgt er lögð áhersla á að starf barnsins í skólanum tengist öllum greindarþáttunum átta.

Það að fylgja kenningum Gardners felur gjarnan í sér að skólarnir leggi áherslu á vettvangsnám eða vettvangsferðir. Þá er farið í styttri og lengri ferðir í því skyni að börnin læri og fræðist með því að taka þátt og upplifa. Í þessu sambandi er rétt að benda á að í Aðalnámskrá leikskóla er lögð áhersla á tengsl barns og náttúru og er ekki óalgengt að vettvangsferðir leikskólabarna tengist náttúruskoðun. Þá er heldur ekki óalgengt að börnunum séu kynntir ýmsir samfélagsþættir með vettvangsferðum. Í vettvangsferðum er það hlutverk leikskólakennarans að aðstoða börnin við að koma auga á það sem athyglin skal beinast að hvort sem að það er í fjörunni, moldinni eða í skóginum. Kennarinn þarf að vera athugull og áhugasamur og hann þarf að geta bent börnunum á ýmis smáatriði og einnig að vera fljótur að grípa á lofti athugasemdir barnanna og leiða þau þannig áfram í rannsóknum sínum (Hrefna Hjálmarsdóttir 2000:375).

Í öllum skólanámskrám leikskólanna í Fjarðabyggð er lögð áhersla á að leikurinn sé hornsteinn leikskólastarfsins og í skólanámskrám leikskólanna á Eskifirði og á Reyðarfirði er sérstaklega getið um vettvangsferðir sem mikilvægan þátt (Leikskólinn Dalborg. Skólanámskrá 2007, Yfir holt og hæðir. Skólanámskrá Lyngholts 2006 og Leikskólinn Kæribær. Námskrá 2007).

Menntun starfsfólks og starfsmannamál

Eins og víðast hvar annars staðar er verulegur skortur á leikskólakennurum í Fjarðabyggð. Hér á eftir verður stuttlega gerð grein fyrir starfsmannamálum og menntun starfsmanna í hverjum leikskóla fyrir sig:

- Á Stöðvarfirði eru alls 4 starfsmenn í leikskólanum og er enginn þeirra í fullri stöðu. Einungis einn starfsmaður, leikskólastjórinn, hefur leikskólakennaramenntun. Í skólanum starfa einungis konur en fyrir nokkrum árum starfaði þar karlmaður í afleysingum í um það bil þrjá mánuði. Ekki er um ör starfsmannaskipti að ræða í leikskólanum á Stöðvarfirði (Ingibjörg Eyþórsdóttir, svör við spurningalista).
- Á Fáskrúðsfirði eru 16 starfsmenn í leikskólanum og þar af eru 3 menntaðir leikskólakennarar. Allir starfsmennirnir eru konur að undanskildum húsverði skólamiðstöðvarinnar sem þjónar leikskólanum. Þrjú starfsmenn leikskólans eru í leikskólakennaranámi um þessar mundir. Ekki eru ör starfsmannaskipti á leikskólanum en starfsmönnum hefur farið fjölgandi með fjölgun barna (Hrafnhildur Una Guðjónsdóttir, svör við spurningalista).
- Á Reyðarfirði eru starfsmenn við leikskólann 21 talsins og hefur þeim fjölgað mikið síðustu ár í samræmi við fjölgun barna. Fyrir fimm árum störfuðu 12 manns í skólanum. Níu starfsmenn hafa lokið háskólamenntun í leikskólafræðum eða annarri háskólamenntun sem nýtist þeim beint í starfi. Af 21 starfsmanni er einn karlmaður. Alltíð starfsmannaskipti hafa verið við skólann síðustu ár en þó er ákveðinn kjarni starfsmanna sem unnið hefur við skólann í langan tíma (Lísa Björk Bragadóttir, svör við spurningalista).
- Á Eskifirði eru starfsmenn leikskólans 16 talsins og þar af eru 4 menntaðir leikskólakennarar. Tveir starfsmenn stunda um þessar mundir háskólanám í því skyni að afla sér réttinda eða bæta við fyrri nám sitt. Allir starfsmenn leikskólans eru konur. Starfsmannaskipti á skólanum eru ekki tíð (Sóley Valdimarsdóttir, svör við spurningalista).

- Í Neskaupstað eru starfsmenn leikskólans 30 talsins. Þar af eru 4 menntaðir leikskólakennarar og sá fimmti útskrifast sem leikskólakennari á vori komandi. Það eru eingöngu konur sem starfa við skólann og hafa verið tiltölulega tíð starfsmannaskipti síðastliðin 3 ár (Halla Höskuldsdóttir, svör við spurningalista).

Samkvæmt upplýsingum leikskólastjóranna gengur mjög misjafnlega að ráða starfsfólk að leikskólunum. Hefðin er sú að auglýsa eftir starfsfólki bæði á heimavettvangi og á landsvísu. Þá hafa leikskólastjórnarnir lagt áherslu á að setja sig í samband við menntaða leikskólakennara og þá sem eru að útskrifast úr leikskólafræðum í því skyni að fá þá til starfa á viðkomandi leikskóla. Sveitarfélagið hefur gert ýmsar ráðstafanir til að hvetja menntaða leikskólakennara til að koma til starfa í Fjarðabyggð. Þar er helst um að ræða útvegum húsnæðis og flutningsstyrks sem sveitarfélagið veitir. Þá hefur sveitarfélagið styrkt starfsfólk leikskólanna til að afla sér menntunar á sviði leikskólafræða eins og fyrir greinir (Sóley Valdimarsdóttir, svör við spurningalista, Ingibjörg Eypórsdóttir, svör við spurningalista, Halla Höskuldsdóttir, svör við spurningalista, Lísu Björk Bragadóttir, svör við spurningalista, Hrafnhildur Una Guðjónsdóttir, svör við spurningalista og Gunnlaugur Sverrisson, viðtal 17.03.08).

Ef upplýsingarnar hér að framan eru teknar saman kemur í ljós að alls starfa 87 einstaklingar í leikskólum Fjarðabyggðar í fullu starfi eða hlutastarfi. Þar af hefur 21 lokið fagmenntun. Þetta þýðir að einungis 18,3% starfsmanna eru fagmenntaðir.

5. Lokaorð

Í þessum lokakafla verkefnisins verður í stuttu máli gerð grein fyrir niðurstöðum og verður sérstök áhersla lögð á að veita svör við þeim spurningum sem varpað var fram í inngangskaflanum.

Dagheimilisstarfsemin í kjörnum Fjarðabyggðar hófst á árunum 1950-1974. Áberandi er að í upphafi hófu sveitarfélögin að bjóða upp á dagheimilisþjónustu í þeim tilgangi að skapa mæðrum möguleika á því að leggja stund á atvinnu utan heimilis. Það virðist því vera að það hafi ekki síst verið hagsmunir atvinnulífsins sem stuðluðu að starfsemi dagheimila í upphafi. Í öllum tilvikum var í upphafi boðið upp á dagheimilisþjónustu einungis yfir sumartímamann en þegar fram liðu stundir fóru heimilin að bjóða upp á þjónustu allt árið. Á þéttbýlisstöðunum í Fjarðabyggð var í fyrstu lögð mest áhersla á að börnunum væri tryggð góð og örugg gæsla á dagheimilum. Síðar jókst áherslan á það sjónarmið að dagheimilin ættu að gegna mikilvægu uppeldisstarfi og stuðla að auknum þroska barnanna. Segja má að þróunin frá gæsluhugsuninni yfir í uppeldishugsunina sé hliðstæð slíkri þróun annars staðar á landinu (Jón Torfi Jónasson 2006:13-15).

Á seinni árum hefur mikil áhersla verið lögð á fagleg starf leikskóla í Fjarðabyggð og er það markmið sveitarfélagsins að veita öllum börnum á aldrinum 1-6 ára þroskavænlega leikskólþjónustu. Í sveitarfélaginu eins og annars staðar á landinu virðist ríkja það viðhorf að öll börn eigi að njóta leikskólavistar enda skapi leikskólinn lærdómsríkt og þroskavænlegt umhverfi sem börn megi ekki fara á mis við.

Sveitarfélagið Fjarðabyggð virðist hafa lagt mikla áherslu á uppbyggingu leikskólanna og virðist henni sinnt af miklum metnaði. Sem dæmi um framkvæmdir á þessu sviði má nefna að nýr leikskóli var tekinn í notkun á Eskifirði árið 1999, lokið var við viðbyggingu leikskólans á Reyðarfirði árið 2005, nýtt rými fyrir leikskóla var tekið í notkun í nýrri skólamiðstöð á Fáskrúðsfirði árið 2007 og nú er ráðgert að reisa nýtt leikskólahús í Neskaupstað sem áætlað er að verði tekið í notkun árið 2009. Þessar framkvæmdir hafa verið og eru afar kostnaðarsamar en þær sýna að sveitarfélagið vill búa vel að leikskólastarfseminni.

Rekstrarkostnaður hefur hækkað verulega á síðustu árum í öllum leikskólum sveitarfélagsins. Sömuleiðis hafa leikskólagjöld hækkað ár frá ári. Þegar rekstrarkostnaður skólanna og hækkun leikskólagjalda er skoðaður kemur fram að hækkun gjaldanna fylgir ekki hækkun rekstrarkostnaðar og því veiga leikskólagjöldin sífellt minna í rekstrarkostnaði skólanna.

Við sameiningu sveitarfélaganna sem nú mynda Fjarðabyggð var lögð áhersla á að skólarnir í sveitarfélaginu fengju hver um sig að þróa starfsemi sína í samræmi við aðstæður og hefðir í hverjum byggðarkjarna hins nýja sveitarfélags en um leið var stefnt að því að samræma ákveðna þætti í starfsemi þeirra og auka hagkvæmni. Fram hefur komið að þessari stefnu er fylgt í meginatriðum. Ákveðnir þættir í starfsemi leikskólanna eru samræmdir en hver skóli býr við sjálfstæði hvað varðar mótun hinnar innri starfsemi. Nefna má eftirtalda þætti sem eru samræmdir í starfi skólanna: Inntaka barna, þjónusta og fæðisgjöld, reglur um styrki til náms, sumarlokanir, vistunartími, fjórar gjaldfrjálsar stundir elstu barna og þjónusta frá Skólaskrifstofu Austurlands. Hvað varðar hið innra starf mótar hver skóli sína starfshætti til fullnustu með sjálfstæðum hætti og er þar ekki um neina samræmingu að ræða.

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 1999 ber hverjum leikskóla að gera sína eigin námskrá í ljósi hennar. Skólanámskráin er afar mikilvæg og tilvist hennar gerir alla starfsemi viðkomandi skóla faglegri og markvissari. Gerð námskrárinnar er einnig mikilvægt ferli og stuðlar að því að allir starfsmenn skólans séu meðvitaðir um markmiðin með skólastarfinu. Þá er gert ráð fyrir að skólanámskrár séu endurskoðaðar með reglubundnu millibili og það leiðir til reglubundinnar faglegrar umræðu innan skólans. Einungis þrjár leikskólar Fjarðabyggðar hafa lokið skólanámskrárgerð og hlýtur það að vera mikilvægt markmið að allir skólarnir starfi samkvæmt námskrá.

Annar þáttur sem skiptir miklu máli hvað varðar faglegt starf innan leikskólanna er fjöldi fagmenntaðra starfsmanna. Einungis 18,3% starfsmanna leikskólanna í Fjarðabyggð hafa lokið menntun í leikskólafræðum og er það lágt hlutfall ekki síst í ljósi þess að sveitarfélagið hefur gert ýmislegt til að hvetja leikskólakennara til að koma til starfa í leikskólum þess. Sveitarfélagið hefur veitt þeim námsstyrki sem leggja stund á nám í leikskólafræðum auk þess sem það hefur aðstoðað við útvegum íbúðarhúsnæðis og veitt flutningsstyrki. Til að efla faglega stöðu leikskólanna í Fjarðabyggð er afar mikilvægt að fjölga fagmenntuðu starfsfólki þeirra.

Áberandi er að leikskólarnir í Fjarðabyggð byggja starf sitt á svipuðum áherslum þó þeim sé í sjálfsvald sett hvaða stefnum þeir kjósa að fylgja. Grunnurinn að starfi þeirra eru annars vegar kenningar John Deweys og hins vegar fjölgreindarkenning Howard Gardners. Tveir leikskólanna flétta saman kenningum Deweys og Gardners og einn fylgir fyrst og síðast kenningum Deweys. Minnsti leikskólinn fylgir hins vegar ákvæðum Aðalnámskrár leikskóla. Almenn ánægja virðist ríkja á leikskólunum um þá stefnu sem þeir fylgja og það hlýtur að vera mikilvægt að starfsmennirnir séu sáttir við þann kenningarlega grunn sem skólarnir byggja starf sitt á. Í skólanámskránum kemur síðan fram hvernig skólarnir útfæra hið daglega

starf út frá þeirri stefnu eða stefnum sem þeir fylgja. Þar er fjallað um leikinn, vettvangsferðir og fjölmarga aðra þætti sem taka mið af þeim kenningum sem skólarnir starfa eftir.

6. Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla 1999. Reykjavík.

Aðalskipulag Neskaupstaðar 1979-1999 1980. Neskaupstaður og Skipulagsstjórn ríkisins.

Austurland 14. september 1951, 16. maí 1969 og 25. janúar 1974.

Ársreikningar Austurbyggðar 1999-2006.

Ársreikningar Fjarðabyggðar 1999-2007.

Bloom, J.P. 2000. *Circle of Influence. Implementing Shared Decision Making and Participative Management.* Lake Forrest, New Horizons.

Eskifjörður. Greinargerð með aðalskipulagi 1988-2008. 1989. Eskifjarðarbær og Skipulagsstofa Austurlands.

Fundargerð bæjarstjórnarfundar Bæjarstjórnar Fjarðabyggðar 27. mars 2008.

Gjaldskrár leikskóla Austurbyggðar og Fjarðabyggðar 2003-2008.

Guðmundur Magnússon 2003. *Saga Reyðarfjarðar 1883-2003.* Fjarðabyggð.

Guðrún Geirsdóttir 1997. *Námskrárgerð, námskrárfræði og kennarar.* Uppeldi og menntun 6.

Guðrún Pétursdóttir 1999. Fjölmenningarleg kennsla. Í *Fjölmenningarleg kennsla. Forvörn gegn kynþáttahatri og fordómum.* Endurskoðuð útgáfa. Reykjavík.

Gunnar Ragnarsson 2000. “Um John Dewey” í J. Dewey. *Hugsun og menntun.* Reykjavík.

Hrefna Hjálmarsdóttir o.fl. 2000. “Vettvangsferðir” í Bragi Guðmundsson (ritstjóri) *Líf í Eyjafirði.* Akureyri.

Íbúaskrá Fjarðabyggðar 2000-2007.

Jóhanna Einarsdóttir 2000. “Áhrif kenninga Johns Dewey á leikskólastarf”. *Athöfn 1*, 32.

Jóhanna Einarsdóttir 2007. “Samfella í námi barna frá leikskóla í grunnskóla” Kristín Bjarnadóttir og Sigrún Klara Hannesdóttir (ritstjórar). *Þekking, þjálfun, þroski: Greinar um uppeldis- og fræðslumál. 30 ára afmælisrit Delta, Kappa, Gamma*. Reykjavík.

Jón Torfi Jónasson 2006. *Frá gæslu til skóla. Um þróun leikskóla á Íslandi*. Reykjavík.

Lög um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, nr. 112/1976

Lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87/1989

Lög um grunnskóla, nr. 66/1995

Lög um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila, nr. 29/1973

Lög um leikskóla, nr. 48/1991

Lög um leikskóla, nr. 78/1994

Menntamálaráðuneytið 1982. *Tíu ára áætlun um byggingu dagvistarheimila 1981-1990*. Reykjavík.

Menntamálaráðuneytið 1985. *Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili: Markmið og leiðir*. Reykjavík.

Reglugerð um starfsemi leikskóla, nr. 225/1995

Sameining sveitarfélaga á miðsvæði Austfjarða 2005. Sameiningarnefnd sveitarfélaga á miðsvæði Austfjarða.

Skýrsla starfshóps um móttöku nýrra íbúa í skólum í Fjarðabyggð 2007. Fjarðabyggð.

Stofnsamningur Skólaskrifstofu Austurlands 1996.

Umhverfissvið Fjarðabyggðar 2008. Upplýsingar um húsnæði og lóðir.

Þriggja ára áætlun Fjarðabyggðar 2009-2011.

Spurningalistar

Sóley Valdimarsdóttir, svör við spurningalista

Ingibjörg Eypórsdóttir, svör við spurningalista

Halla Höskuldsdóttir, svör við spurningalista

Lísa Björk Bragadóttir, svör við spurningalista

Hrafnhildur Una Guðjónsdóttir, svör við spurningalista

Netslóðir

Samband íslenskra sveitarfélaga. Sameining sveitarfélaga 1950-2006. <http://www.samband.is/>

www.fjardabyggd.is

www.leikskolinn.is/balaborg/

www.leikskolinn.is/dalborg/

www.leikskolinn.is/kaerib/

www.leikskolinn.is/lyngholt/

www.leikskolinn.is/solvellir/

Skólanámskrár

Leikskólinn Kærribær. Námskrá 2007.

Yfir holt og hæðir. Skólanámskrá Lyngholts 2006.

Leikskólinn Dalborg. Skólanámskrá 2007.

Viðtöl

Erna Indriðadóttir upplýsingafulltrúi Alcoa Fjarðaáls, viðtal 17.03.08

Gunnlaugur Sverrisson, viðtal 03.03.08 og 17.03.08

Halla Höskuldsdóttir leikskólastjóri, viðtal 29.02.08

Jóhanna Lárusdóttir Brekku í Mjóafirði, viðtal 01.03.08

Páll Björgvin Guðmundsson, viðtal 24.03.08

Viðauki

Spurningalisti sendur leikskólastjórum

Ágæti leikskólastjóri.

Hér er sendur spurningalisti þar sem beðið er um ýmsar upplýsingar um þann leikskóla sem þú veitir forstöðu. Upplýsingarnar verða notaðar í lokaverkefni mínu á leikskólabraut í Kennaraháskóla Íslands. Ég vil biðja þig að svara umræddum spurningum eins ítarlega og mögulegt er, en vera kann að ég þurfi annaðhvort að hringja í þig eða hitta þig til að fá frekari upplýsingar. Ég vinn verkefnið í samráði við sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs Fjarðabyggðar og verður sveitarfélaginu heimilt að nýta allar þær upplýsingar sem fram koma í verkefninu.

Með von um gott og farsælt samstarf

Jóhanna Smáradóttir

Sagan

1. Hvenær hófst barnagæsla á vegum sveitarfélags í þeim byggðarkjarna sem leikskólinn starfar í?
2. Hvenær var byrjað á að bjóða upp á þjónustu barnaheimilis/leikskóla allt árið um kring?
3. Hvar var barnagæslu sinnt á vegum sveitarfélagsins áður en núverandi leikskólahús var tekið í notkun?
4. Hvenær var núverandi leikskólahús tekið í notkun?
5. Hefur núverandi leikskólahús verið stækkað eða aðrar ráðstafanir gerðar til að fullnægja eftirspurn eftir leikskólaþjónustu?
6. Hvenær tók fyrsta fóstun/leikskólakennarinn til starfa í viðkomandi byggðarkjarna?

Húsnæði og aðstaða

1. Ert þú sátt við núverandi húsnæði leikskólans? Ef svo er ekki, hverju er ábótavant?
2. Ert þú sátt við þann búnað og leiktæki sem leikskólinn hefur?
3. Ert þú sátt við leiksvæðið utandyra?
4. Standa fyrir dyrum breytingar á húsnæði eða starfsaðstöðu leikskólans?

Börnin og skipulagið

1. Hver hefur þróun fjölda barna verið á leikskólanum síðastliðin 5 ár?
2. Er skólinn deildaskiptur og ef svo er hvað eru deildirnar margar? Hefur deildunum fjölgað eða fækkað síðastliðin 5 ár?
3. Hvaða forsendur eru notaðar við deildaskiptingu í leikskólanum (aldur, kyn)?
4. Á hvaða aldri eru börn tekin inn í leikskólann og hefur það breyst síðastliðin 5 ár?

5. Er boðið upp á sveigjanlegan vistunartíma í leikskólanum? Ef svo er hvaða tími dags er best nýttur og hvaða tími hefur lökustu nýtingu?
6. Er skólanum lokað á sumarleyfistíma? Ef svo er hve lengi er hann lokaður?

Starfsfólkið

1. Hve margir starfa við leikskólann og hver hefur þróunin verið hvað starfsmannafjölda varðar síðustu 5 ár?
2. Hver er kynjaskipting starfsmanna?
3. Hve margir starfsmenn á leikskólanum hafa lokið háskólamenntun í leikskólafræðum eða annarri háskólamenntun sem nýtist þeim í starfi?
4. eru einhverjir starfsmenn í háskólanámi nú um stundir?
5. eru tíð starfsmannaskipti á leikskólanum?
6. Hvernig gengur að ráða starfsfólk að leikskólanum? Hvaða leiðir eru farnar til að fá starfsfólk?
7. Hefur leikskólinn eða starfsmenn hans aðgang að sérfræðiþekkingu utan skólans (til dæmis þekkingu á sviði sálfræði, sérkennslu og svo framvegis)?
8. Gerir sveitarfélagið einhverjar ráðstafanir til að hvetja menntaða leikskólakennara til að koma til starfa við leikskólann?
9. Er starfsfólk leikskólans hvatt með einhverjum hætti til að afla sér menntunar í leikskólafræðum?
10. eru einhverjir starfsmenn skólans sem stunda nám á braut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum á framhaldsskólastigi?

Stjórnun

1. Hvaða stjórnunaraðferð beitir þú við stjórnun skólans?
2. Getur þú lýst stjórnunaraðferðum þínum (til dæmis fundir með deildarstjórum, öðrum starfsmönnum, foreldrum og svo framvegis)?
3. Hvernig er foreldrasamstarfi háttað?
4. Hvernig er samskiptum þínum við fræðslu – og menningarsvið Fjarðabyggðar háttað?
5. Er til fullkláruð námsskrá fyrir leikskólann? Ef svo er ekki, er unnið að gerð hennar?
6. Hvaða stefnu er fylgt í störfum leikskólans? Er starfsfólk sátta við þá stefnu sem fylgt er?
7. Hefur verið skipt um stefnu á síðastliðnum 5 árum? Ef svo er hvers vegna var það gert?
8. eru tengsl á milli grunnskólans og leikskólans? Ef svo er, hvernig er þeim tengslum háttað?
9. eru tengsl milli tónlistarskólans og leikskólans? Ef svo er, hvernig er þeim tengslum háttað?
10. Nýtir leikskólinn sér íþróttamannvirki í byggðarkjarnanum?